

**skoðun 10**

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
**16. mars 2011**
62. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Stelpur í dauðarokki
*Gyða Hrund og Edda semja lög fyrir dauðarokkssveitina Angist í saumaherbergi.*
**fólk 26**

### Metsöluhöfundur
*Sigrún Lilja Guðjónsdóttir gerir það gott í Bandaríkjunum með nýrri bók.*
**fólk 26**



### Hernández var hetjan
*United og Inter Milan komust í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær.*
**sport 22**

### veðrið í dag




**SNJÓKOMA** eða slydda suðaustan- og austanlands en él allra vestast. Vindur fremur hægur víðast hvar. Frostlaust með austurströndinni en annars frost allt að 8 stigum í innsveitum.
**VEÐUR 4**

# Hafa játað á sig 75 innbrot

**Þrír hafa verið ákærðir fyrir tugi innbrota fyrir jól. Þeir játa sök. Milligöngumaður með þýfið senn ákærður, sem og um tugur kaupenda. Ný innbrotaalda sögð að rísa. Taldir meðlimir í skipulögðum glæpasamtökum.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn, tveir sautján ára og einn 23 ára, hafa verið ákærðir fyrir innbrot á 75 heimili, langflest á bilinu frá október í fyrra og til áramóta. Þegar mennirnir létu mest að sér kveða, í október og nóvember, voru þeir að verki í drjúgum hluta allra innbrota í heimahús á höfuðborgarsvæðinu.

Mennirnir, allir pólskir, hafa játað öll brotin. Þeir hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan um miðjan janúar. Þeir vildu í upphafi lítið kannast við málið en hafa verið mjög samvinnuþýðir á síðari stigum og játningum þeirra ber saman í meginatriðum, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns.

Tryggingafélög hafa þegar greitt út um 30 milljónir til þeirra sem brotist var inn hjá, bæði vegna glataðra muna og tjóns á húsnæði. Tryggingar dekka þó einungis hluta tjónsins auk þess sem margir voru alls ótryggðir, og því þykir ljóst að milljónirnar 30 eru aðeins brot af tjóninu sem hlaust af glæpum mannanna.

> Ég hef aldrei séð stærra mál af þessu tagi.
>
> **ÁRNI ÞÓR SIGMUNDSSON**
> AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Málið, og ákæran sem af því leiðir, er risavaxið að sögn Árna. Til marks um það er að tveir lögreglumenn hafa ekki gert annað frá áramótum en að rannsaka það. „Ég hef aldrei séð stærra mál af þessu tagi,“ segir hann.

Fjórði maðurinn, Pólverji um þrítugt, er einnig í varðhaldi og verður senn ákærður fyrir að hafa keypt þorrann af öllu þýfinu úr innbrotum þremenninganna og selt áfram. Margeir Sveinsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafði yfirumsjón með rannsókninni á þætti hans og segir að maðurinn hafi að líkindum hagnast um nokkrar milljónir á milligöngunni. Ekkert fé hafi þó fundist. Margeir segir að ekki liggi fyrir hvort maðurinn hafi beinlínis gert þremenningana út af örkinni til innbrota.

Lögregla hefur rætt við um þrjátíu manns sem keyptu af honum þýfi og segir Margeir að tíu til tólf þeirra megi eiga von á ákæru fyrir að hafa gert það vitandi að um þýfi væri að ræða. Lagt var hald á lítinn hluta þýfisins í fórum mannsins og viðskiptavina hans.

Margeir segist merkja að nú sé ný innbrotaalda af sama toga tekin að rísa. „Nú er þetta byrjað aftur. Ekki í eins miklum mæli, en þetta byrjaði hægt þá og virðist gera það líka núna,“ segir hann.

Lögregluyfirvöld telja mennina fjóra hluta af skipulögðu glæpagengi Pólverja og Litháa hérlendis, einu fjögurra gengja sem nú skipti með sér íslenskum undirheimum. **- sh**



**KVATT** Þórir Sigurbjörnsson kvaddi marga trausta viðskiptavini í Vísi í gær. Í þeim hópi var Sigurveig Káradóttir. Hún hefur skipt lengi við Þóri og fyrir nokkrum árum urðu viðskiptin gagnkvæm þegar hún hóf að framleiða hollustukökur sem seldar eru í Vísi og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórir Sigurbjörnsson hættur verslun í Vísi eftir meira en hálfa öld við búðarborðið:

# Langur kafli ævinnar að baki

**VERSLUN** Þórir Sigurbjörnsson, kaupmaður í versluninni Vísi við Laugaveg, afgreiddi viðskiptavini sína í síðasta sinn í gær. Hann ætlar að setjast í helgan stein eftir langa vakt.

„Það stendur margt til. Við hjónin höfum komið okkur upp ýmsum áhugamálum eins og að ferðast um landið, leika golf og veiða silung og við ætlum að sinna þeim,“ sagði Þórir.

Langur kafli ævi hans og raunar fjölskyldunnar allrar er að baki. Vísir var stofnaður 1915 en Sigurbjörn Björnsson, faðir Þóris, keypti verslunina 1948. Á barnsaldri byrjaði Þórir að sendast og annast önnur léttaverk fyrir föður sinn. 1959 tók hann við rekstrinum og eignaðist svo búðina 1974.

„Ég hætti mjög sáttur enda hefur þetta verið afbragðstími. Bæði hef ég verið heppinn með samstarfsfólk og eins hafa viðskiptavinirnir skemmt mér alveg stórkostlega. Síðustu árin hafa svo barnabörnin mín unnið hérna með mér og það hefur gefið mér mikið og þeim vonandi líka margt gott.“

Þórir býr í efri byggðum borgarinnar en ætlar að halda áfram að koma í miðborgina þótt ekki sæki hann þangað vinnu. „Ég þarf að heimsækja þá sem ég þekki og hef verið kunnugur áratugum saman. Það er ekki hægt að slíta því sambandi.“

Þótt Þórir hafi kvatt heldur Vísir áfram. „Það tekur afbragðsfólk við,“ segir Þórir en Sigurður Guðmundsson kaupmaður hefur fest kaup á Vísi og hyggst reka í óbreyttri mynd. **- bþs**

Mengun fýkur á haf út í Japan:

# Dregið hefur úr geislavirkninni

**JAPAN** Draga tók úr geislavirkni í nágrenni Fukushima-kjarnorkuversins í norðurhluta Japans síðdegis í gær. Geislamengun hafði sloppið úr kjarnorkuverinu og valdið neyðarástandi í tuga kílómetra radíus.

Í gærkvöldi, að íslenskum tíma, gerðu veðurspár ráð fyrir því vindurinn myndi feykja mengunninni að mestu út yfir Kyrrahafið að sinni. Kjarnorkuverið laskaðist illa í jarðskjálftanum mikla á föstudag. Óttast er að minnst tíu þúsund manns hafi látist í hamförunum.

Yfirvöld hafa skipað fólki í 20 til 30 kílómetra fjarlægð frá því að halda sig ýmist innandyra eða yfirgefa svæðið. Þá hefur flugumferð verið bönnuð 30 kílómetra umhverfis kjarnorkuverið.

Sterkir eftirskjálftar hafa haldið áfram að valda usla í landinu. Í gær reið síðan yfir skjálfti, 6,2 á Richter, sem átti upptök sín skammt suðvestan af Tókíó og taldist ekki eftirskjálfti. Hann skók hús í borginni og olli nokkurri ringulreið. **- sh /** **sjá síðu 6**





OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

FYRIRLESTRA-MARAÞON HR
Á MORGUN 17. MARS, KL. 12:30–16:30
42 FYRIRLESARAR VIÐFANGSEFNI
Allir velkomnir!
Kynntu þér dagskrána á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

**SPURNING DAGSINS**



*Magnús, eru þeir þá ekki bara með baunabyssur Danirnir?*

„Óskandi væri að þeir skiptu út öllum skotvopnum á götum borgarinnar fyrir baunabyssur, nú eða bara vatnsbyssur. Það væri öllum til góðs."

Magnús Sveinn Jónsson er námsmaður í Kaupmannahöfn. Þrír íbúar í borginni voru drepnir í skotárásum á innan við viku.

Bæjarstjórn Seltjarnarness segjast ekki geta tekið afstöðu til eineltisásakana:

# Vilja sjá gögn um meint einelti

**SELTJARNARNES** Bæjarstjórn Seltjarnarness segist ekki geta tekið afstöðu til eineltisásakana Ólafs Melsted, fyrrverandi framkvæmdastjóra tækni- og umhverfissviðs bæjarins, á hendur Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra, þar sem gögn liggi ekki öll fyrir.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem bæjarstjórnin sendi út eftir fund sinn í gær.

Bæjarstjórnin óskaði eftir að sjá matsskýrslu sem Ólafur lét vinna, þar sem hegðun bæjarstjóra í garð Ólafs er gagnrýnd, en fékk ekki.

„Þrátt fyrir ítrekaðar óskir, hefur matsgerðin ekki fengist afhent," segir í tilkynningunni.



**ÓSÆTTI Á NESINU** Bæjarstjórn Seltjarnarness segist ekki geta tekið afstöðu til eineltisásakana fyrr en hún fái að sjá öll gögn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„[E]n þess í stað hefur bæjarfulltrúum verið boðið upp á að fá aðgang að matsgerðinni á skrifstofu lögmanns viðkomandi starfsmanns undir sérstöku eftirliti fulltrúa á viðkomandi lögmannsstofu."

Það segist bæjarstjórn ekki geta sætt sig við og muni taka afstöðu þegar hún fái skýrsluna afhenta.

Þá harmar bæjarstjórn að málið sé rekið í fjölmiðlum án þess að öll gögn málsins liggi fyrir.

Ólafur hefur verið í veikindafríi, að læknisráði, í rúmt ár. Hann krefst bóta og að bæjarstjóri víki úr starfi. - þj

Gríðarleg spenna í skákinni:

## Sex efstir fyrir lokaumferðina

**SKÁK** Sex skákmenn eru efstir fyrir lokaumferð MP-Reykjavíkurmótsins. Úkraínumennirnir Yuriy Kuzubov, Vladmir Baklan og yngsti stórmeistari heims, hinn 14 ára Ilya Nyzhnik, norski stórmeistarinn Jon Ludvig Hammer og Bosníumaðurinn Ivan Sokolov.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun sátu Pólverjinn Kamil Miton og Englendingurinn Luke McShane enn að tafli en sigurvegarinn úr þeirri skák fer einnig í efsta sætið.

Lokaumferðin hefst klukkan 13.00 í dag.

Grunsamlegir á svörtum bíl:

## Reyna að lokka börn upp í bíla

**LÖGREGLUMÁL** Tvær tilkynningar hafa borist lögreglu um að tveir menn á svörtum bíl reyni að lokka ókunnug börn upp í bílinn með leikföngum og sælgæti. Alls hafa fimm tilkynningar borist síðasta hálfa mánuðinn um að börnum undir tíu ára aldri hafi verið boðið bílfar með ókunnugum. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, telur að í tveimur af þessum fimm tilfellum geti verið um sama bílinn að ræða, svartan fólksbíl sem í voru tveir menn undir þrítugu.

Eðlileg skýring hefur fengist á einu málinu. Lögreglan hefur ekki sérstakan viðbúnað vegna málanna. - sh

Jóhanna skoðar skattheimtu:

## Ofurskatta til að mæta lægra tryggingargjaldi

**ALÞINGIS Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir vel koma til greina að lækka atvinnutryggingargjaldið, sem kæmi litlum og meðalstórum fyrirtækjum vel, en leggja í staðinn háa skatta á bankastarfsemi og ofurlaun. Þetta kom fram í máli hennar á Alþingi í gær, þar sem rætt var um stöðu atvinnumála.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Jóhanna sagði auk þess rangt að staða atvinnumála væri jafnslæm og stjórnarandstaðan léti í veðri vaka. Viðbúið væri að fljótlega myndu skapast 2.200 til 2.300 ársverk, og í framhaldinu 500 til 600 varanleg störf.** - sh

# Elti innbrotsþjóf með öxi og Rottweiler-tík

**Tíkin París lék aðalhlutverk er Lúðvík K. Kristjánsson handsamaði innbrotsþjóf sem lét greipar sópa í Veiðiportinu. Þjófurinn slapp þó aftur fyrir vangá öryggisvarðar sem beindi athygli lögreglu að Lúðvíki, sem bar öxi í eltingarleiknum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Adrenalínið tók völdin," segir Lúðvík Kjartan Kristjánsson, sem um þarsíðustu helgi elti tvo innbrotsþjófa frá Veiðiportinu á Grandagarði.

Lúðvík segir að hann hafi lagt sig á vinnustofu sinni fyrir ofan Veiðiportið þegar hann heyrði mikla háreysti milli klukkan þrjú og fjögur aðfaranótt sunnudags. „Það var eins og verið væri að berja járni í gler við hurðina að stigaganginum hjá mér en ég sá ekkert þegar ég gáði fram. Um leið og ég kom aftur inn til mín heyrði ég brothljóð og viðvörunarkerfið fór í gang í búðinni. Ég stökk þá í skó, kippti með mér exi úr verkfærakassanum og tók Rottweilerhundinn minn með hér. Þegar ég kom út sá ég tvo innbrotsþjófa á flótta," lýsir Lúðvík atburðarásinni.

Hundur Lúðvíks er fjögurra ára gömul verðlaunatík sem gegnir nafninu París og er tæp sextíu kíló. Óárennilegur gripur en vel þjálfaður af eigandanum. Lúðvík sigaði París á þann þjófinn sem nær honum var.

„Hundurinn náði þjófnum upp við vegg og urraði á hann til að passa að hann færi ekki neitt enda hallaði hann sér bara upp að veggnum og lyfti upp höndum. Þá gekk ég með hann upp í 10-11 á Seljavegi og bað öryggisvörð að taka við honum og hringja á lögregluna. Síðan hljóp ég út til að ná hinum þjófinum en hann var þá horfinn með vöðlur úttroðnar af þýfi," segir Lúðvík.

Þegar Lúðvík og París komu aftur í 10-11 var fyrri þjófurinn að ganga þaðan út. „Ég fór með hann aftur inn í búðina en þá gerði



**LÚÐVÍK OG PARÍS** Lúðvík Kjartan Kristjánsson og tíkin París náðu innbrotsþjófi sem reyndi að komast undan úr Veiðiportinu. Tómas Skúlason, eigandi verslunarinnar, hugar að skemmdum. Tómas segir hinn þjófinn hafa komist undan með hnífa og veiðihjól sem ekki séu komin í leitirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

öryggisvörðurinn bara athugasemd við að ég væri með exi inni í búðinni. Ég var ekki að fara að hlaupa út án þess að vera með neitt í höndunum gegn svona mönnum og útskýrði það fyrir honum áður en ég bað hann aftur um að gjöra svo vel að hringja á lögregluna og leyfa ekki manninum að fara."

Lúðvík fór við svo búið aftur að Veiðiportinu. Þar var mættur öryggisvörður sem hringdi í lögregluna. „Þegar lögreglan kom í 10-11 var þar enginn innbrotsþjófur. Öryggisvörðurinn þar kvartaði bara undan manni sem hefði verið þar inni með exi," segir Lúðvík. Þegar lögreglan kom í Veiðiportið og Lúðvík heyrði lýsinguna á manninum úr 10-11 sagði hann þeim að þeir þyrftu ekki að leita langt því hann stæði fyrir framan þá. „Þeir hlógu að þessu en þökkuðu mér og París fyrir því þeir gátu þekkt manninn af eftirlitsmyndavélum í 10-11. Þetta er maður sem þeir kannast vel við."

Lúðvík segir adrenalínið einfaldlega hafa rekið hann áfram til að elta þjófana. „Svo fær maður dálítinn aukakraft af því að vera með Rottweiler við hliðina á sér."

gar@frettabladid.is



**HELGUÐ EYJAFJALLAJÖKLI** Gestastofan verður opnuð 14. apríl, á ársafmæli gossins. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Eyjafjallajökulsgosi gerð skil:

## Gestastofa við Þorvaldseyri

**FÓLK Gestastofa með minjum og myndum tengdum gosinu í Eyjafjallajökli verður opnuð 14. apríl þegar ár er liðið frá því gosið hófst. Stofan er við þjóðveg 1, skammt frá vegamótunum að Þorvaldseyri og það er fjölskyldan þar sem að framtakinu stendur.**

**Húsið hefur verið málað viðeigandi litum og gólfefni úr ösku og Kötlusteini lagt á gólf. Helsta fræðsluefnið sem þar verður er heimildarmynd eftir Svein M. Sveinsson en hann byrjaði að filma gosið á fyrsta degi.**

gun / sjá allt í miðju blaðsins

Fundað áfram í dag:

## Lítið þokast í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** Lítið þokast í viðræðum aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld í tengslum við gerð kjarasamninga. Forystumenn Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins funda með stjórnvöldum á morgun.

Fjármálaráðherra sagði að loknum ríkisstjórnarfundi í gær að vinnuhópar væru að störfum og ríkisstjórnin fundi reglulega með viðræðuaðilum. Þeir muni hitta þá alla í dag á stórum fundi.

Forystufólk SA og ASÍ fundaði síðdegis í gær hjá Ríkissáttasemjara til undirbúnings fundarins á morgun. Forseti ASÍ segir mest liggja á niðurstöðum varðandi atvinnu og framkvæmdamál. - jmg






Enn er deilt um tillögur um sameiningar í skólakerfi Reykjavíkurborgar:

# Höfnuðu tillögu um að hætta við

**SKÓLAMÁL** Sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur kölluðu eftir því, á borgarstjórnarfundi í gær, að fyrirhugaðar sameiningar skóla yrðu dregnar til baka. Tillagan var felld með atkvæðum meirihlutans.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi sjálfstæðismanna í menntaráði, sagði í samtali við Fréttablaðið að þar sem áætlanir meirihlutans gerðu einungis ráð fyrir 14 milljóna króna sparnaði á þessu ári, væri allt eins hægt að fresta sameiningum um eitt ár og ná almennri sátt.

„Foreldrar skilja vel að það þarf að spara og eru tilbúin til að ræða þessar hugmyndir, en þau vilja betri rökstuðning og meiri umræðu."

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir í samtali við Fréttablaðið að þar sem tillögurnar séu enn í umsagnarferli sé óeðlilegt að draga þær nú til baka.

„Þótt sparnaðurinn á þessu ári sé lítill, skiptir hann hundruðum milljóna á því næsta."

Spurður að því hvort mögulegt sé að sameiningartillögur verði breytt, verði umsagnir neikvæðar segir Dagur að umsagnaferlið sé til þess að fá fram sem flest sjónarmið.





**SAMEININGAR** Fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn höfnuðu því að draga til baka umdeildar sameiningartillögur í skólakerfi borgarinnar.

„En við munum láta rökin ráða og fjárhagslegi ávinningurinn liggur fyrir. Faglegi ávinningurinn er umdeildari, en það hefur sýnt sig að margar umdeildar breytingar í skólamálum hafa reynst vel." - þj

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni



Tilboðið gildir til 22. mars!

Einstakt verð!

# Kanarí með VITA



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvu-leikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.





## Santa Monica ★★

Snyrtilegt og vistlegt íbúðarhótel við ströndina í Playa del Ingles. Um það bil 10 mínútna gangur í Yumbo verslunarmiðstöðina.

23. mars - 1. apríl

**Verð frá 84.400 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna í íbúð.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 94.400 kr.

## Flugsæti

Einstakt verð!

**Verð frá 49.800 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

23. mars

Innifalið:
Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

* Verð án Vildarpunkta 59.800 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

## GENGIÐ 15.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,23 | 115,79 |
| Sterlingspund | 185,7 | 186,6 |
| Evra | 160,94 | 161,84 |
| Dönsk króna | 21,576 | 21,702 |
| Norsk króna | 20,56 | 20,682 |
| Sænsk króna | 18,187 | 18,293 |
| Japanskt jen | 1,4055 | 1,4137 |
| SDR | 181,69 | 182,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,4764

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vegagerðin keypti rannsóknargögn um Vaðlaheiðargöng með verðbótum:

# Seldu gangagögnin á 100 milljónir

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin keypti í árslok 2009 rannsóknargögn Greiðrar leiðar hf. vegna ganga undir Vaðlaheiði á 100 milljónir króna. Að sögn Hreins Haraldssonar vegamálastjóra rennur þessi upphæð inn í Vaðlaheiðargöng hf. sem hluti hlutafjár Vegagerðinnar í félaginu.

Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og fulltrúi Greiðrar leiðar í stjórn Vaðlaheiðarganga, segir stærsta hluta kostnaðarins vegna rannsóknargagnanna felast í jarðfræðirannsóknunum og borunum sem gerðar voru undir stjórn Ágústs Guðmundssonar jarðfræðings á árinu 2005. Margar fleiri úttektir liggi einnig að baki, til dæmis varðandi hugsanlegar fornminjar á svæðinu.



HREINN HARALDSSON



PÉTUR ÞÓR JÓNASSON

Í ársreikningi Greiðrar leiðar fyrir árið 2008 eru rannsóknargögn félagsins metin á 60,2 milljónir króna. Vegagerðin greiddi hins vegar 100 milljónir fyrir gögnin ári síðar, eins og fyrr segir. „Mismunurinn er uppsafnaðar verðbætur sem samkomulag var um að greiddar yrðu ofan á kostnaðinn,“ útskýrir Pétur Þór og undirstrikar að aðeins sé um verðbætur að ræða; engir vextir hafi verið reiknaðir ofan á útlagðan kostnað Greiðrar leiðar. - gar




Tveir Pólverjar handteknir:

## Með 1,5 lítra af amfetamínbasa

**LÖGREGLUMÁL** Tollverðir á Keflavíkurflugvelli handtóku fyrir skömmu tvo pólska ríkisborgara með fljótandi amfetamínbasa sem breyta má í átta kíló af amfetamíni. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Í fórum mannanna fundust tvær vínflöskur sem reyndust innihalda samanlagt um 1,5 lítra af fljótandi amfetamíni. Úr amfetamínbasanum hefði mátt vinna um átta kíló af amfetamíni í neysluformi. Götuverðmæti átta kílóa er um 40 milljónir króna.

Mennirnir tveir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. - aó

Kosningar um Icesave:

## Utankjörfundarstaðir opnaðir

**ICESAVE Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave, hefst hjá Sýslumanninum í Reykjavík í dag.**

**Kosið er á skrifstofutíma á milli klukkan 9.00 til 15.30 alla virka daga til 25. mars. Á laugardögum er hægt að kjósa á milli 12.00 og 14.00.**

**Frá og með mánudeginum 28. mars fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll.**

**Sjálf þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram þann 9. apríl.**

DÓMSTÓLAR

### Framvísaði röngu vegabréfi

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt þrítugan Afgana í eins mánaðar fangelsi fyrir að framvísa röngu vegabréfi við komuna til landsins í fyrradag. Hann kom hingað frá Ósló og framvísaði malasísku vegabréfi manns sem er níu árum yngri.

# Samkeppnisbrotasektir 2,3 milljarðar á þremur árum

**25 fyrirtæki voru sektuð um samtals 2,3 milljarða króna fyrir brot á samkeppnislögum á árunum 2008 til 2010. Hagar voru brotlegir öll þrjú árin og Síminn tvisvar. Hagsmunasamtök brjóta líka samkeppnislögin.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða fyrirtæki og samtök hafa orðið uppvís að brotum á samkeppnislögum á síðustu árum og hvað hafa þau greitt í sektir?

Fyrirtækjum og samtökum var gert, eða þau sömdu um, að greiða samtals rúmlega 2,3 milljarða króna vegna brota á samkeppnislögum á árunum 2008 til 2010.

Skipti, móðurfélag Símans og Tæknivara, greiddu hæstu einstöku sektina á þessu árabili, 400 milljónir vegna ólögmæts samráðs árið 2010. Árið áður var Símanum gert að greiða 150 milljónir í sekt vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

**605**

Milljónir borguðu Hagar í sektir árin 2008 til 2010

Hagar hafa á hinn bóginn greitt hæstu samanlögðu fjárhæðina á árunum 2008 til 2010. Fyrstnefnda árið var fyrirtækið sektað um 315 milljónir vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu, um 20 milljónir 2009 vegna brots á banni við framkvæmd samruna og um 270 milljónir í fyrra vegna ólögmæts samráðs. Samtals hefur Högum því verið gert að greiða 605 milljónir vegna brota á samkeppnislögum á þessum þremur árum.

Hæsta sekt í einu máli varðaði brot stóru kortafyrirtækjanna sem samið var um lausn á 2008. Var þeim gert að greiða samtals 735 milljónir. Það er lægri fjárhæð en olíufélögin voru sektuð um vegna samráðsmáls þeirra. Sekt þeirra var í fyrstu ákveðin samtals 2,6 milljarðar en áfrýjunarnefnd lækkaði fjárhæðina í um einn og hálfan milljarð.

Á þessum þremur árum voru fimm samtök fundin sek um brot á samkeppnislögum. Það eru Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Félag íslenskra stórkaupamanna (nú Félag atvinnurekenda), Bændasamtökin, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

bjorn@frettabladid.is



**HÚSLEIT** Halldór Guðbjarnason forstjóri greinir fjölmiðlum frá viðbrögðum sínum við húsleit samkeppnisyfirvalda í Visa sumarið 2006. Í kjölfar hennar samdi fyrirtækið um að greiða 385 milljónir í stjórnvaldssekt. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Sektir vegna samkeppnislagabrota 2008-2010

| Ár | Fyrirtæki | Eðli brots | Sektir | Eftir áfrýjun |
|---|---|---|---|---|
| 2010 | Hagar | Ólögmætt samráð | 270 milljónir | |
| | SS og Reykjagarður | Ólögmætt samráð | 45 milljónir | |
| | KS | Ólögmætt samráð | 40 milljónir | |
| | Norðlenska | Ólögmætt samráð | 30 milljónir | |
| | Kjarnafæði | Ólögmætt samráð | 20 milljónir | |
| | Lyf og heilsa | Misnotkun á markaðsráðandi stöðu | 130 milljónir | 100 milljónir |
| | Skipti, Síminn og Tæknivörur | Ólögmætt samráð | 400 milljónir | |
| | Samt. atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði | Ólögmætt samráð | 4 milljónir | |
| | Ívar | Brot á tilkynningaskyldu vegna samruna | 12 milljónir | |
| 2009 | Síminn | Misnotkun á markaðsráðandi stöðu | 150 milljónir | |
| | Félag íslenskra stórkaupmanna | Ólögmætt samráð | 1 milljón | |
| | Bændasamtök Íslands | Ólögmætt samráð | 10 milljónir | 7 milljónir |
| | Vélar og verkfæri | Misnotkun á markaðsráðandi stöðu | 15 milljónir | 10 milljónir |
| | Hagar | Brot á banni við framkvæmd samruna | 20 milljónir | |
| | Sena | Brot á banni við framkvæmd samruna | 15 milljónir | |
| | Teymi | Ólögmætt samráð | 70 milljónir | |
| | Fengur | Brot á banni við framkvæmd samruna | 10 milljónir | |
| 2008 | Valitor | Ólögmætt samráð og misn. á markaðsr. stöðu | 385 milljónir | |
| | Borgun | Ólögmætt samráð | 185 milljónir | |
| | Fjölgreiðslumiðlun | Ólögmætt samráð | 165 milljónir | |
| | Samtök iðnaðarins | Ólögmætt samráð | 2,5 milljónir | |
| | Samtök verslunar og þjónustu | Ólögmætt samráð | 1 milljónir | |
| | Fiskmarkaður Íslands | Misnotkun á markaðsráðandi stöðu | 10 milljónir | 7 milljónir |
| | Geysir Green Energy | Brot á tilk.sk. um samruna | 500 þúsund | |
| | Sundagarðar | Brot á tilk.sk. um samruna | 750 þúsund | |
| | Hagar | Misnotkun á markaðsráðandi stöðu | 315 milljónir | |




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SNJÓKOMA EÐA ÉL** verða víða um land næstu daga. Mesta úrkoman verður austanlands í dag en svo léttir heldur til þar. Frost verður á landinu fram á föstudag en svo lítur út fyrir hlýnandi veður.




**Á MORGUN** Strekkingur með SV- og NA-ströndinni annars hægari.

**FÖSTUDAGUR** Strekkingur allra syðst annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 15° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 14° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | -3° |
| París | 16° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

## HP G62 - a38



6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

# 139.900 kr.

**Örgjörvi:** Intel Core i3 350 **Harður diskur:** 500GB 7200 rpm **Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768 **Skjákort:** ATI Mobility Radeon HD 5470, 2714 MB 1GB DDR3 **Vinnsluminni:** 4 GB **Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.

# FERMINGAR VEISLA
## OK BÚÐARINNAR



## HP dv6 - 3163

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**189.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel© CoreT i5-460M
**Harður diskur:** 640GB SATA 5400 rpm
**Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon™ HD 5650, 2741 MB, 1GB DDR3
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1ár á rafhlöðu.



## HP Mini 210

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**79.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel® Atom™ Processor N450
**Harður diskur:** 250GB 7200 rpm
**Skjár:** 10,1" WSVGA LED (1024x600)
**Skjástýring:** Intel® Graphics Media Accelerator 3150 **Vinnsluminni:** 1 GB
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1ár á rafhlöðu.



**Ipod Nano 8GB**
**35.900 kr.**



**Flip MinoHD upptökuvél**
**34.900 kr.**



**Sjónvarps-flakkarar**
frá: **24.900 kr.**



**Heyrnartól**
frá: **3.990 kr.**



**Minnislyklar**
frá: **2.290 kr.**

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

* Skv. Gartner

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

start TÖLVUVERSLUN | omnis | Eyjatölvur ehf. Verslun og tölvuþjónusta

# OK búðin

Ok búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavik | Sími 570 1140 | www.okbudin.is

VERT

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú notað svefnlyf?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS:**

*Teflir þú?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. Vísir

Nokkrar breytingatillögur eru gerðar við þingsályktunartillögu um stjórnlagaráð:

# Stjórnlagaráð geti starfað til loka júlí

**ALÞINGI** Róbert Marshall, formaður allsherjarnefndar, lagði í gær fram breytingartillögu við þingsályktunartillögu um skipan stjórnlagaráðs, þess efnis að ráðið geti starfað til loka júlí. Í upphaflegu tillögunni er gert ráð fyrir að stjórnlagaráð skili af sér frumvarpi fyrir lok júní.

Meirihluti allsherjarnefndar leggur annars til þær breytingar að Alþingi skipi stjórnlagaráð en ekki forseti þess, að fundir ráðsins verði opnir og að það setji sjálfu sér starfsreglur.



**STJÓRNLAGANEFND** Vigdís Hauksdóttir vill að nefndin geri tillögu að breytingum á stjórnarskrá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd vilja málið frá og ítreka vilja flokksins til að taka þátt í endurskoðun stjórnarskrárinnar á vettvangi Alþingis. Þingið geti byggt þá vinnu á niðurstöðu þjóðfundar auk annarra gagna.

Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, leggur til að stjórnlaganefnd, sem skipuð var til að annast söfnun og úrvinnslu gagna fyrir stjórnlagaþing, verði falið að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni og skili Alþingi tillögum í frumvarpsdrögum.

Loks leggja þingmenn Hreyfingarinnar til að ákveðið verði að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tillögur stjórnlagaráðs áður en Alþingi fær þær til umfjöllunar. **- bþs**

Fólkið í landinu:

# Innflytjendur 8,9% mannafla

**INNFLYTJENDUR** Innflytjendur og börn þeirra fædd á Íslandi voru 28.275 talsins um síðustu áramót, eða 8,9 prósent af íbúum í landinu. Þetta er sama hlutfall og í upphafi árs 2010. Innflytjendum fækkaði um 478 milli ára en á móti vó fjölgun í hópi barnanna.

Pólverjar eru langfjölmennastir, eða 9.463, og 36,8 prósent allra innflytjenda.

Næstfjölmennastir eru Litháar með 5,7 prósent en 5,2 prósent innflytjenda fæddust á Filippseyjum. **- pg**



**NÁÐI EKKI ÁRANGRI** Alain Juppé, utanríkisráðherra Frakka, á fundi G8-ríkjanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja hertar aðgerðir:

# Hafa leitað til öryggisráðsins

**FRAKKLAND, AP** **Alain Juppé, utanríkisráðherra Frakklands, gerir sér vonir um að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki fyrir vikulokin ályktun um aðgerðir til stuðnings stjórnarandstöðunni í Líbíu.**

**Á leiðtogafundi átta stærstu iðnríkja heims, sem haldinn var í Frakklandi í gær, fékk Juppé því ekki framgengt að loftferðabann yrði samþykkt í Líbíu.**

**Hann tók þó fram að Frakkar hafi upphaflega viljað fara í beinar hernaðaraðgerðir, ekki bara loftferðabann.** **- gb**

## JAPAN

### Beðið fyrir Japan

Beðið verður fyrir japönsku þjóðinni og þeim sem eiga um sárt að binda vegna hamfaranna þar í bændastund í Háteigskirkju á morgun fimmtudag, klukkan 18. Ritningarlestrar, bænir, tónlist og kyrrð munu einkenna bænastundina og viðstöddum gefst kostur á að kveikja á bænaljósum.

## HAGTÖLUR

### Launakostnaður jókst

Heildarlaunakostnaður á hverja greidda vinnustund var 8,2-9,5% hærri á síðasta fjórðungi ársins 2010 en árið 2009. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni jókst launakostnaður mest í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu en minnst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

# Geislamengun lak úr kjarnorkuverinu

**Um 140 þúsund manns þurftu að loka sig inni til að verjast hættulegri geislamengun sem slapp frá kjarnorkuverinu í Fukushima í gær. Evrópusambandið hefur ákveðið að gera álagspróf á öllum kjarnaofnum aðildarríkjanna.**

**JAPAN, AP** Sjötugri konu var bjargað úr rústum heimilis hennar í hafnarborginni Otsuchi í Japan í gær, fjórum dögum eftir að flóðbylgja svipti húsinu af grunni síðastliðinn föstudag.

Konan, sem heitir Sai Abe, var send á sjúkrahús. Hún þjáðist af ofkælingu en virtist ekki hafa hlotið lífshættuleg meiðsli. Yngri manni var einnig bjargað úr rústunum.

Talið er að hundruðum, ef ekki þúsundum, manna hafi verið bjargað úr rústunum en líkurnar á að fleiri bjargist þykja orðnar afar litlar. Veður er að kólna og snjókomu er spáð næstu daga á þeim slóðum sem verst urðu úti.

Í nágrenni kjarnorkuversins í Fukushima var 140 þúsund manns í gær skipað að halda sig inni við og loka vel dyrum og gluggum til að forðast hættulega geislamengun, sem barst frá verinu eftir að eldur kviknaði í einum kjarnaofna þess.

Eldurinn kviknaði í kjarnaofni fjögur, sem vegna viðhalds var ekki í notkun þegar jarðskjálftinn reið yfir á föstudag.

Naoto Kan, forsætisráðherra Japans, kom fram í sjónvarpi í gær og sagði geislun berast frá ofninum beint út í andrúmsloftið. Þegar leið á daginn þótti ljóst að mengunin yrði ekki jafn mikil og óttast var í fyrstu.

Atburðirnir í Fukushima hafa ýtt undir efasemdir um öryggi kjarnorkuvera almennt, ekki síst í Evrópu þar sem andstaða við kjarnorku hefur jafnan verið umtalsverð. Tugir þúsunda komu



**VIRÐIR RÚSTIRNAR FYRIR SÉR** Kona heldur fyrir vitin meðan hún skoðar staðinn þar sem hús hennar stóð í bænum Yamada í norðvesturhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

saman í Þýskalandi á mánudag til að krefjast þess að allri kjarnorkuvinnslu þar í landi yrði hætt.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagðist í gær hafa ákveðið að allir kjarnakljúfar í Þýskalandi sem starfræktir hefðu verið í meira en tvo áratugi yrðu tímabundið teknir úr notkun.

Þá hefur Evrópusambandið ákveðið að gera álagspróf á öllum kjarnorkuverum í aðildarríkjunum til að ganga úr skugga um hvernig þeim myndi reiða af í náttúruhamförum. Alls eru kjarnorkuver í ESB-ríkjum 149 talsins.

Jarðskjálftinn síðastliðinn föstudag mældist 9 stig, samkvæmt útreikningum Bandarísku jarðfræðimiðstöðvarinnar, en ekki 8,9 eins og fyrst var nefnt. Þar með er þetta fjórði öflugasti jarðskjálfti sem mælst hefur á jörðinni síðan 1900 og sá stærsti í sögu Japans síðan mælingar hófust þar fyrir 130 árum. Mögulegt er að álíka stór skjálfti hafi orðið í Japan árið 869 þegar mikil flóðbylgja skall á land á sömu slóðum.

gudsteinn@frettabladid.is

Rannsókn SFO á Ármanni:

# Segir rannsókn ekki snúa að sér

**LÖGREGLUMÁL** **Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóri Kaupthing Singer&Friedlander, dótturfélags Kaupþings í Bretlandi hafnar því með öllu að rannsókn efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar, SFO, beinist að þeim hluta Kaupþingssamstæðunnar sem hann stýrði. Sem kunnugt er voru níu manns teknir til yfirheyrslu í tengslum við málið. Sjö á Bretlandi og tveir á Íslandi.**



**ÁRMANN ÞORVALDSSON**

**Ármann segir í yfirlýsingu til fjölmiðla að viðtal lögreglunnar við sig hafi tekið um eina og hálfa klukkustund. Engin atriði sem lögreglan hafi verið með til skoðunar hafi snúið að sér persónulega og ekki ein spurning hafi snúist um ákvarðanir sem hann hafi tekið eða átt þátt í að taka. Yfirlýsingu Ármanns má finna í heild sinni á Vísi.is.**

Jafnréttisráð gagnrýnir þingið:

# Löggjafinn fer gegn anda laga

**STJÓRNSÝSLA** Jafnréttisráð lýsir undrun sinni á því að Alþingi – sjálfur löggjafinn – skuli ganga gegn anda laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við kosningu á fulltrúum í landskjörstjórn. Skorar ráðið á forseta Alþingis að sjá til þess að sama endurtaki sig ekki.

Í febrúarlok kaus Alþingi fjóra karla og eina konu í fimm manna landskjörstjórn. Í áðurnefndum lögum er kveðið á um að þess skuli gætt að hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga sé sem jafnast. **- bþs**




Íranar mótmæla afskiptum Sádi-Arabíu af mótmælaólgunni í Barein:

# Herlög gengin í gildi í Barein

**BAREIN, AP** Konungurinn í Barein hefur lýst yfir þriggja mánaða neyðarástandi í landinu. Jafnframt fær yfirmaður hersins víðtæk völd til að berja niður mótmæli, sem sjía-múslimar í landinu hafa verið í forystu fyrir undanfarnar vikur.

Á mánudag sendu Sádi-Arabar þúsund hermenn til Barein til að hjálpa stjórninni, sem einnig nýtur stuðnings Bandaríkjanna. Íransstjórn hefur harðlega mótmælt íhlutun Sádi-Araba.

Í Barein eru sjía-múslimar í minnihluta og telja sér mismunað af hálfu súnní-múslima, sem fara með öll völd í landinu.

Hætta er á að átökin í Barein, sem er lítil eyja úti af strönd Sádi-Arabíu á Persaflóa, snúist upp í víðtækari átök sjía-múslima gegn súnnium. Íbúar Sádi-Arabíu eru að mestu súnní-múslimar en í Íran, sem er handan flóans, búa einkum sjíar.



**MÓTMÆLENDUR Í MANAMA** Hörð átök brutust út í gær í höfuðborginni Manama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hörð átök brutust út í Barein í gær. Hundruð mótmælenda eru sögð hafa særst, bæði af völdum barefla lögreglunnar og skotvopna hennar. Að minnsta kosti einn hermaður frá Sádi-Arabíu lést eftir að hafa orðið fyrir skoti úr byssu mótmælanda. **- gb**

SONY
make.believe




WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

5 ÁRA ÁBYRGÐ

# Gerðu skotheld sjónvarpskaup!

## Tækjablaðið What HiFi útnefndi Sony BRAVIA KDL40EX500 „TV Product of the Year 2010"

Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-40EX500

- Upplifðu Full HD 1080p myndgæði
- Horfðu á háskerpuefni eins og Blu-ray diska eða PlayStation3 leiki
- Upplifðu mjúkar hreyfingar og engan skerpumissi með Motionflow 100Hz tækninni
- Njóttu Sony myndgæða með BRAVIA Engine 3
- Ljósnemi stillir myndina sjálfvirkt fyrir rökkur á kvöldin og birtu á daginn
- Leiktu tónlist, ljósmyndir eða kvikmyndir af USB minnislykli með USB Media Player
- Notaðu sjónvarpið sem myndaramma með Picture Frame Mode
- Möguleiki á þráðlausu neti og BRAVIA Internet Video
- 4x HDMI, 2x SCART, Component, Video, LAN, USB og VGA

KDL-40EX500 40" LCD 100hz
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
Verð: 189.990




Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar!

**Sony Center**

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver eru meðalmánaðarlaun starfsmanna slitastjórnar og skilanefndar Glitnis?*
2. *Hvað vill saksóknari að Baldur Guðlaugsson fái þungan dóm?*
3. *Hvað er **Brassica rapus**?*

**SVÖR**

*1. Sex milljónir króna. 2. Tveggja ára fangelsi. 3. Repja.*

Loks farið að örla á umbótum í stjórnkerfi Egyptalands eftir valdaskiptin:

# Öryggisþjónusta Mubaraks lögð niður

**KAÍRÓ, AP** Innanríkisráðherra Egyptalands leysti í gær upp hinar illræmdu öryggissveitir Mubaraks. sem voru þekktar fyrir ofbeldi og mannréttindabrot.

Í stað hennar verður skipuð ný þjóðaröryggisstofnun sem mun hafa umsjón með öryggismálum innanlands og berjast gegn hryðjuverkastarfsemi „í samræmi við stjórnarskrá og mannréttindasjónarmið“, eins og sagði í yfirlýsingu ráðherrans.

Öryggissveitir Mubaraks voru helsta vopn hins brottrekna forseta á þeim nær 30 árum sem hann réði ríkjum. Með þeim gat hann fylgst með og barið niður allt andóf gegn stjórn hans. Eitt af helstu baráttumálum uppreisnarmanna á Tahrirtorgi var að þessar sveitir yrðu lagðar niður.

Mubarak var settur af þann 11. febrúar síðastliðinn, en allt síðan þá hafa leiðtogar andófshreyfingarinnar haldið því fram að öryggisþjónustan hafi unnið gegn lýðræðisumbótum í landinu.

Samkvæmt tilkynningu ráðherrans munu starfsmenn stofnunarinnar verða skipaðir á næstu dögum. **- þj**



**UMBÆTUR** Borgarar hafa gert áhlaup á húsnæði öryggisþjónustunnar síðustu daga og reynt að bjarga sönnunargögnum um brot stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

live.is

Ársfundur 2011

**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn miðvikudaginn 16. mars kl. 18.15 á Grand Hótel.**

DAGSKRÁ FUNDARINS:

» Venjuleg ársfundarstörf.

» Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 26. janúar 2011
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7, 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is

ÍMYNDUNARAFL / LV

Deilur í Wisconsin halda áfram þrátt fyrir nýju lögin:

# Vilja koma repúblikönum frá völdum

**BANDARÍKIN, AP** Þrátt fyrir að Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, hafi komið umdeildum lögum um samningsrétt í gegnum ríkisþingið fyrir helgi er málinu ekki lokið.

Verkalýðsfélög, demókratar og opinberir starfsmenn hyggjast nú koma Walker og stuðningsmönnum hans frá með því að krefjast nýrra kosninga um embætti þeirra með undirskriftasöfnun.

Walker tók við embættinu í upphafi árs og verður ekki hægt að krefjast kosninga um embætti hans fyrr en í janúar á næsta ári.

Deilan í Wisconsin hefur valdið miklum umræðum um stöðu og réttindi opinberra starfsmanna um gjörvöll Bandaríkin. Lögin umdeildu svipta stéttarfélög opinberra starfsmanna réttinum til að semja um annað en tímakaup, og þá aðeins í samræmi við þróun verðbólgu. Þá þurfa starfsmenn að leggja sjálfir til meira af greiðslum í lífeyrissjóði og sjúkratryggingar, sem samsvarar um átta prósenta launalækkun.

Walker heldur því fram að þessar breytingar séu nauðsynlegar til að bregðast við miklum halla á fjárlögum ríkisins. Borgarar muni brátt átta sig á kostum breytinganna. **- þj**



**SAMSTAÐA** Mótmælendur í Wisconsin hafa ekki gefist upp þrátt fyrir að ríkisstjórinn hafi komið umdeildum lögum í gegn, heldur stefna að því að koma repúblikönum frá völdum. NORDICPHOTOS/AFP

210.000.000
+340.000.000

550.000.000



ÞÚ TALDIR RÉTT:
**550 MILLJÓNIR**

Fyrsti vinningur stefnir í 210 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 340 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 16. MARS 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

Opið 11 til 23 í dag

# Vorsprengja

# 25% AFSLÁTTUR

## af öllum vörum

**NEMA 15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM**

Gildir miðvikudag til sunnudags

# Ofurtilboð

aðeins í dag*

**+25% AUKA AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM**

TUTU sett



**Verð** 2.790 - 25% = 2.093
- 25% ofurtilboð = **1.569,-**

Tölvuúr



**Verð** 2.790 - 25% = 2.093
- 25% ofurtilboð = **1.569,-**

Collection jakki



**Verð** 9.990 - **25%** = 7.493
- 25% ofurtilboð = **5.619,-**

Collection buxur



**Verð** 5.990 - **25%** = 4.493
- 25% ofurtilboð = **3.369,-**

MAINE herrajakki



**Verð** 15.990 - 25% =11.993
- 25% ofurtilboð = **8.994,-**

Ungbarna "tux"sett



**Verð** 8.990 - 25% = 6.742
- 25% ofurtilboð = **5.057,-**

Náttsloppur



**Verð** 7.990 - 25% = 5.993
- 25% ofurtilboð = **4.494,-**

Handsnyrtisett



**Verð** 2.790 - 25% = 2.072
- 25% ofurtilboð = **1.569,-**

Collection pils



**Verð** 5.990 - 25% = 4.493
- 25% ofurtilboð = **3.369,-**

Red Herring herrapeysa
- margir litir



**Verð** 5.990 - 25% = 4.493
- 25% ofurtilboð = **3.369,-**

Hello Kitty bolur 0-18 mán.



**Verð** 2.490 - 25% = 1.868
- 25% ofurtilboð = **1.400,-**

Kjóll 0-24 mán.



**Verð** 2.790 - 25% = 2.093
- 25% ofurtilboð =**1.569,-**

*Meðan birgðir endast...

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnarliðar senda út misvísandi skilaboð um peningastefnuna:

## Hafvillur eða strand

Forsvarsmenn íslenzkra fyrirtækja og samtaka þeirra hafa undanfarið kvartað undan stefnuleysi í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar. Krónan sé ónothæf og þótt menn þurfi áfram að búa við hana um sinn, sé hún ekki framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar. Stjórnvöld kveði hins vegar ekki skýrt upp úr um það hvað eigi að taka við.

Nú hefur Ísland sótt um aðild að Evrópusambandinu. Sú umsókn felur í sér yfirlýsingu um að landið hyggist jafnframt taka upp evruna, gjaldmiðil ESB-ríkja, og innleiða þann aga í efnahagsmálum, sem nauðsynlegur er til að geta verið í myntbandalagi með öðrum ríkjum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur þannig sagt að með því að Ísland sé orðið umsóknarríki í ESB sé tekinn af vafi um að Ísland ætli að stefna að því að standast Maastricht-skilyrðin svokölluðu um jafnvægi í ríkisfjármálum, takmörkun ríkisskulda, lága vexti og verðbólgu og gengisstöðugleika. Markmiðin séu „skynsamleg og eftirsóknarverð fyrir ríkið og þjóðina“ og „keppikefli og ögunartæki í efnahagsstjórninni“ Maastricht-skilyrðin hafa síðan ratað nokkurn veginn óbreytt inn í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næsta áratug.

Þetta væri gott og blessað og sæmilega skýr skilaboð til atvinnulífsins og umheimsins ef ríkisstjórnarflokkarnir stæðu báðir að baki stefnunni. Svo er hins vegar ekki.

Þannig lýsti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra því yfir á Alþingi í fyrradag að krónan yrði „okkar gjaldmiðill a.m.k. um mörg ár í viðbót og að allar aðrar hugmyndir séu óraunhæfar.“ Steingrímur sagðist ekki myndu standa að mótun „neinnar gjaldeyris- eða peningamálastefnu sem ekki gerir ráð fyrir því jafngilda valkosti öðrum að íslenska krónan verði gjaldmiðill okkar áfram og ég trúi því að það sé vel hægt.“

Hann tók reyndar fram að slíkt kallaði á „mikinn aga og vönduð vinnubrögð“ og tekur því kannski undir með þeim hagfræðingum sem telja að ætli Ísland áfram að búa við eigin gjaldmiðil verði það að beita sjálft sig enn meiri aga en felst í Maastricht-skilyrðunum – en án þess að njóta til þess nokkurs stuðnings annarra ríkja eða kosta sameiginlegs gjaldmiðils.

Formaður viðskiptanefndar Alþingis, Lilja Mósesdóttir, sem er með doktorspróf í hagfræði, er svo á þriðju skoðuninni. Hún taldi það gefa til kynna að beita ætti alltof hörðum aga við hagstjórnina þegar Maastricht-skilyrðin rötuðu inn í sóknaráætlunina. Þess í stað er hún með nýja töfralausn í peningamálum; að skipta um nafn á krónunni, kalla hana jafnvel íslenzka evru til að gera Samfylkinguna hamingjusama og villa um fyrir útlendingum.

Þegar svona er komið, er ekki að furða að forsvarsmenn viðskiptalífsins viti ekki hvað þeir eigi að halda um peningamálastefnuna. Og svo mikið er víst að þegar jafnmikill ágreiningur er um kúrsinn á meðal stjórnenda á skútunni bíður einungis tvennt; hafvillur eða strand.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Spurt

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur lagt fram fyrirspurn til Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um það sem hann nefnir heilsustefnu ráðuneytisins. Raunar er ekkert til með því nafni en hins vegar má á vef velferðarráðuneytisins finna plagg sem heitir heilsustefna heilbrigðisráðherra. Hún var lögð fram haustið 2008, í nafni Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Nú vill Guðlaugur sumsé vita hvort og hvernig eftirmenn hans þrír á ráðherrastóli hafa framfylgt stefnunni hans.



### Endalaust

Guðlaugur lætur nægja að spyrja um framkvæmd þessa eina stefnumáls en gæti hæglega lagt fram sambærilegar fyrirspurnir um önnur tíu eða tuttugu mál sem hann lagði áherslu á í sinni ráðherratíð. Aðrir fyrrverandi ráðherrar gætu vitaskuld gert það sama. Þá yrði bragur á þinginu. Endalaus svör ráðherra við endalausum fyrirspurnum fyrrverandi ráðherra um hvort ekki væri örugglega verið að vinna að málum sem sett voru fram í þeirra ráðherratíð.



### Skipbrot

Guðbjartur þarf eflaust einhverja daga til að svara Guðlaugi. En þangað til getur hann gert sér varling við einum lið að góðu. Nefnilega þeim er varðar að koma á fót íþróttamótum í framhaldsskólum. Futsal-mót framhaldsskólanna var nefnilega í beinni í Sjónvarpinu um daginn. Það féll ekki vel að heilsustefnu Guðlaugs Þórs. „Við erum alveg ógeðslega þunnir,“ sagði einn leikmaðurinn um liðið sitt.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## 35 milljarða árleg tekjulind

Kvótaframsal



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Í annað sinn á tæpum áratug er ráðist í gagngera endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Fyrri endurskoðun lauk árið 2002 á þann veg að kerfið var framlengt nánast óbreytt. Sú sátt reyndist strax haldlaus enda í engu hróflað við úthlutunarkerfinu sjálfu og ákvæðum framsalsins. Sáttin frá 2002 reyndist svikasátt. Kjósendur voru sviknir.

Frá því að handhafar kvótans sigldu í öruggt skjól óbreyttra laga hafa skuldir sjávarútvegsins vaxið hröðum skrefum. Þær fimmfölduðust frá 1997 til 2008 og að meðaltali jukust skuldirnar um 35 milljarða króna á ári. Þær jukust um nærfellt 400 milljarða króna. Andvirði kvóta sem rann út úr fyrirtækjunum í vasa eigendanna er meginástæða skuldasöfnunarinnar. Svo virðist sem þessa fjárhæð sé hægt að taka út úr sjávarútveginum að jafnaði á hverju ári, að minnsta kosti hafa handhafar kvótans gert það.

Viðskiptabankarnir telja að sjávarútvegurinn geti borið þessar skuldir og þá er niðurstaðan að rekstur útgerðarfyrirtækja þolir þessa árlegu úttekt. Spurningin er aðeins hver fær ágóðann, 166 eigendur kvótans í aflamarkskerfinu, viðskiptabankarnir eða opinberir aðilar.

Þetta er átakalínan við endurskoðun kvótakerfisins rétt eins og áður. Nú eiga menn að læra af mistökunum og varast að gefa kvótahöfunum áfram alla möguleika á að taka til sín tugi milljarða króna. Óbreytt kvótakerfi gerir það. Samningar við LÍÚ um langtímaafnot gera það líka. Slíkir samningar til t.d. 20 ára munu líklega viðhalda svipuðu kvótaverði og þar með svipuðu árlegu útstreymi fjár.

Það er hlægilegt að taka til ríkisins aðeins 6,44 kr. fyrir heimild til þess að veiða 1 kg af þorski þegar útgerðarmenn leigja leyfið til þriðja aðila fyrir 300 kr. Útvegsmenn þurfa aðeins að veiða helminginn af kvótanum og geta látið aðra veiða fyrir sig hinn helminginn með rífandi gróða. Fiskveiðiárið 2008/9 voru 40% allra útgefinna veiðiheimilda í þorskígildum talin veidd af öðrum en fékk úthlutunina. Hví eiga skattgreiðendur að una stórfelldum skattahækkunum ríkisins þegar tiltölulega fáir handhafar kvótans fá nánast endurgjaldslaust áfram að skattleggja aðra? Það vantar þessa 35 milljarða í þjónustu fyrir almenning.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Virkjum tækifærin

Atvinnulíf

Þorkell Sigurlaugsson
framkvæmdastjóri



Það voru ákveðin tímamót þegar stoðtækjafyrirtækið Össur ákvað á aðalfundi í síðustu viku að að taka hlutabréf félagsins af skrá Kauphallar Íslands og skrá það erlendis. Þetta var staðfesting á því, sem blasað hefur við, að efnahags- og stjórnmálaumhverfi hér á landi er mjög óhagstætt og sérstaklega þeim fyrirtækjum sem þurfa að afla hlutafjár eða lánsfjár á alþjóðamarkaði. Á aðalfundi Marels, einnig í síðustu viku, voru uppi sömu áhyggjur varðandi stöðu íslensku krónunnar og efnahagsmál. Velgengni þessarra tveggja fyrirtækja er okkur mikils virði og áhyggjuefni þegar eigendur þeirra og stjórnendur hafa misst trú á íslensku efnahagslífi og hlutabréfamarkaði.

**Krónan nothæf í tölvuleikjum**

Þótt útflutningsgreinar hafi notið þess tímabundið að íslenska krónan hafi veikst, þá er krónan sem gjaldmiðill ónothæf til framtíðar. Það má jafnvel leiða líkur að því að krónan og sú peningamálastefna sem ríkti í kringum hana hafi átt stóran þátt í banka- og efnahagshruninu í samspili við stjórnlaust bankakerfi.

Efnahagsumhverfið hefur almennt versnað verulega undanfarin ár og Icesave óvissan veldur truflun í viðskiptum og fjármögnun. Í viðtali við Hilmar Veigar Pétursson, forstjóra CCP, komu upp svipaðar áhyggjur í sjónvarpsviðtali, en hann bindur þó vonir við umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Í tölvuleikjum eru oft notaðir heimasmíðaðir gjaldmiðlar, og þar getur íslenska krónan verið ágætlega brúkleg. Því miður höfum við verið að nota íslenska hagkerfið með krónuna sem dýrkeypta „tilraunastofu“ í efnahagsstjórnun.

En hér á landi starfa einnig fyrirtæki sem hafa í áratugi verið í alþjóðlegum viðskiptum og skilað þjóðinni gífurlegum verðmætum og tryggt hér góð lífskjör. Þar má nefna samgöngufyrirtæki, fyrirtæki í sjávarútvegi, orkuvinnslu og nýtingu hennar, ferðaþjónustu og fyrirtæki í margvíslegum iðnaði, verslun og viðskiptum sem eru einnig grundvöllur að okkar lífskjörum. Mikilvægi fjármálafyrirtækja má heldur ekki gleymast, en án stuðnings þeirra, hefðu Marel, Icelandair og Össur, svo dæmi séu tekin, aldrei orðið öflug alþjóðleg fyrirtæki. Einstaklingar og fyrirtæki á sviði skapandi greina, svo sem tónlistar, myndlistar, leiklistar, hönnunar o.fl. hafa einnig náð stórkostlegum árangri.

Tækifæri hér á landi eru gríðarlega mikil ef vel er haldið á málum. Það var kynnt vel á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs þann 16. febrúar sl. og Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, kom einnig sterkt inn á þessa þætti á Iðnþingi sl. fimmtudag. Flest byggja tækifærin á því að við séum í góðum samskiptum við alþjóðasamfélagið og höldum vel á okkar efnahagsmálum, stjórnmálum, grunnstoðum og reglum samfélagsins. Ég vil hér nefna fjögur atriði um þá einstöku aðstöðu sem við búum við.

1. Hafsvæði hér í kringum Ísland er mikil auðlind. Bæði sjávarfang og aðrar auðlindir tengjast hafsvæðinu og landgrunninu. Þar höfum við verið til fyrirmyndar í nýtingu auðlindarinnar og verðmætasköpun.

2. Orkulindir fallvatna og jarðvarma eru einstakar og gífurlega verðmætar á tímum orkuskorts og hækkandi orkuverðs á næstu árum. Mikil tækifæri eru þar næstu árin.

3. Náttúra landsins og landfræðileg lega, friðsæld, öryggi, gott veðurfar, vatn og umhverfi, er auðlind sem bæði skapar verðmæti og bætt lífsgæði. Styrkleiki okkar á þessu sviði fer vaxandi.

4. Góð menntun þjóðarinnar, arfleifð og menning er auðlind sem við höfum náð að gera að verðmæti sem hefur vakið athygli víða um heim.

Nú ættum við að einblína á tækifærin, nýta þau og ryðja burt hindrunum og leggja áherslu á nýsköpun hugarfarsins eins og Helgi orðaði það svo vel. Samfélagsleg ábyrgð og velferðarkerfi byggir einnig á því að deila góðu með slæmu. Við viljum öll njóta þess góða sem fyrirtæki og einstaklingar skapa og verðum líka stundum að taka á okkur sameiginlega ábyrgð þegar illa fer eins og í bankahruninu.

**Hagsmunir þjóðarinnar í fyrirrúmi**

Hagsmunir þjóðarinnar skipta mestu máli og í því ljósi þarf að meta áhættu sem við erum að taka og horfa á heildarhagsmunina. Þeir sem kjósa um Icesave mega ekki kjósa með það í huga hvað sé líklegast til að fella ríkisstjórnina. Umræðan um Evópusambandið má heldur ekki snúast eingöngu um fjárhagslegan gróða, hagsmuni einstakra atvinnugreina eða hvað einstaka flokkar vilja. Þjóðin hefur yfirleitt reynt að leysa ágreining við aðrar þjóðir með samningum hvort sem var í landhelgisdeilum eða á öðrum sviðum. Það þurfum við að gera áfram eins og kostur er.

Sjálfstæði þjóðarinnar felst ekki í því að halda íslensku krónunni eða líta á okkur sem efnahagslegt eyland. Sjálfstæði snýst um það að byggja upp sterkt atvinnulíf og hafa sterka og stefnufasta ríkisstjórn sem vinnur vel með þjóðinni að virkja þau fjölmörgu tækifæri sem við eigum. Við búum þrátt fyrir allt í einu besta samfélagi í heimi og eigum öll rétt á að njóta þess. En til þess þurfum við að virkja tækifærin. Þau blasa hvarvetna við okkur.

Þeir sem kjósa um Icesave mega ekki kjósa með það í huga hvað sé líklegast til að fella ríkisstjórnina.

# Hvað voru dómstólar að gera?

Dómsmál

Ragnar Halldór Hall
hæstaréttarlögmaður



Fréttaflutningur af óhefðbundnum orðaskiptum embættismanna ákæruvaldsins fyrir skömmu hefur vakið talsverða athygli.

Einkunn sem saksóknari efnahagsbrota gaf settum staðgengli sínum í embætti sætti kærumeðferð sem lauk með því að ríkissaksóknari taldi að ekki hefði verið vegið að staðgenglinum með þeim hætti að ástæða væri til aðgerða af hálfu ákæruvaldsins. Var haft eftir hróðugum „sigurvegara“ í deilunni að með því að ljúka málinu með þessum hætti hefði verið sett ofan í við staðgenglinn fyrir að kunna ekki lagareglurnar sem þarna komu til skoðunar.

Þau eru orðin allmörg dómsmálin þar sem sakborningar hafa verið sýknaðir af ákærum saksóknara efnahagsbrota eða ákærum hans hefur verið vísað frá dómi. Úr dómasafni Hæstaréttar má um þetta nefna sem dæmi af handahófi mál nr. 392/2006, nr. 92/2007, nr. 4/2009 og nr. 218/2009. Telur saksóknari efnahagsbrota, sem nú er starfandi sem aðstoðarsaksóknari í landsdómsmálinu gegn Geir Haarde, að með þessum dómum hafi dómstólar sérstaklega verið að setja ofan í við saksóknara fyrir að þekkja ekki lagareglurnar?

AF NETINU

### Borgarstjóri í Vín

Í dag kl. 14 er borgarstjórnarfundur þar sem eina málið á dagskrá er það sem foreldrar, leikskólastarfsmenn, leikskólastjórnendur og fagfélög kalla árás á menntakerfi borgarinnar en meirihlutinn kallar greiningu tækifæra til að tryggja faglegan ávinning. [...]Er þetta rétti tíminn fyrir borgarstjóra til að vera fjarverandi? Meirihlutinn er að leggjast í aðgerðir sem fela í sér gríðarlega viðamiklar breytingar á menntakerfi borgarinnar. Þessar breytingar þarf að keyra í gegn fyrir næstu mánaðarmót, því ef ætlunin er að ná fram sparnaði á þessu ári þarf að ganga í uppsagnir á millistjórnendum. Það er hálfur mánuður til stefnu, allt logar – og borgarstjórinn bregður sér frá. Til að kenna Austurríkismönnum hvernig á að komast til pólitískra valda.

davidstefansson.is **Davíð Stefánsson**





512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...



# Danskir dagar



Ekta dönsk lifrakæfa




**lifrakæfur**
2 tegundir

## Tulip álegg í úrvali




**TULIP ÁLEGG**
Hamborgarhryggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Kartöflusalami
Piparspægipylsa

## Danskir frystiréttir
frá Steff Holberg




**Kjötbollur**
með mildri karrísósu og hrísgrjónum

**Svikinn héri**
með kartöflum, beikoni og villisósu

**Hamborgarhryggur**
með aspassósu, grænmeti og kartöflum

**Steiktur svínakambur**
með rauðkáli, kartöflum og sósu

**Steikt medister**
með kartöflum og grænmeti

**Hakkabuff**
með kartöflumús

**TILBOÐ**
**598kr/pk**
meðan birgðir endast




**Bisca kex og kökubitar**




**Vitalis múslí stangir**
2 tegundir




**Eplaskífur**




**Hatting brauð**
2 tegundir




**Bananastangir**




**Den gamle fabrik sultur**
gott á brauðið




**Sun Lolly**
tilbúið til að setja í frysti, 6 teg.




**Sambakossar**
2 tegundir




**Toms súkkulaðistykki**
4 tegundir


24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


Gildir til 20. mars á meðan birgðir endast.




## Jensen´s BBQ svínarif
- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli

## Jensen´s vörur í úrvali




**Jensen´s sósur**
- þarf aðeins að hita frábærar með öllum mat

**Jensen´s**
- Tsatziki köld sósa



GOTT VERÐ 698kr/kg

**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið



GOTT VERÐ 1.598kr/kg

**Fylltar svínalundir**
með dönskum gráðosti



GOTT VERÐ 998kr/kg

**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið



GOTT VERÐ 798kr/kg

**Svínabuff**
að dönskum sið




GOTT VERÐ 898kr/stk

**Jaka Bov skinka**




**Kökur**
Krókant og súkkulaði




**Danskar pylsur**
ekta danskar pylsur




**Kims beikon snakk**




**3 Stjernet Salami**




**Graasten brauðsalöt**
fjöldi tegunda




**Guf danskt ískrem**
jarðaberja




GOTT VERÐ 399kr/stk

**Dönsk glassúr kaka**




GOTT VERÐ 99kr/stk

**Danskir gosdrykkir**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**85** **JERRY LEWIS** leikari, er 85 ára í dag.
*„Ég fæ borgað fyrir það sem flestum börnum er refsað fyrir.“*

# Gegnsæi, rekjanleiki og skilvirkni

Stjórnvísi og Háskóli Íslands standa fyrir ráðstefnu um gæðastjórnun í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðu fimmtudaginn 24. mars. Ráðstefnan er samstarfsverkefni gæðastjórnunarhóps Stjórnvísi og námsbrautar í bókasafns- og upplýsingafræði, og félags- og mannvísindadeildar. Hún er framlag til aldarafmælis Háskóla Íslands og 55 ára afmælis kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskólann.

Gæðastjórnunarhópur Stjórnvísi var settur á laggirnar haustið 2000 og var einn af fyrstu faghópum Stjórnvísi. Markmið hópsins frá upphafi hefur verið að kynna hvað gæðastjórnun er og hvernig fyrirtæki hafa byggt upp sitt gæðastarf.

Krafa um rekjanleika og aukna skilvirkni í rekstri hefur aukist til muna og því hafa mörg fyrirtæki tekið upp gæðastjórnun í sínu starfi þótt ekki hafi verið teknar ákvarðanir um notkun staðla eða vottun. Ráðstefnan er bæði fyrir þá sem þekkja gæðastjórnun vel, sem og þá sem hafa áhuga á að kynna sér hugmyndafræðina. Erindi ráðstefnunnar endurspegla fjölbreytileika gæðastjórnunar og veita innsýn í ávinning gæðastjórnunar sem alhliða stjórnkerfis.

Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis og skráning hafin. Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu má finna á vef Stjórnvísi, www.stjornvisi.is og eru allir sem áhuga hafa á gæðastjórnun hvattir til að koma.




**ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN** Ráðstefnan verður haldin í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar fimmtudaginn 24. mars, en skráning er þegar hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ARNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR** Málstofan verður í Betelgás í HR í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Um brjóstagjöf

Málstofa um brjóstagjöf og kynning á heimasíðu um sama efni verður haldin í Háskólanum í Reykjavík í dag, 16. mars, klukkan 16.30, í fyrirlestrarsalnum Betelgás.

Fyrirlesari er Arnheiður Sigurðardóttir, lýðheilsu- og hjúkrunarfræðingur, sem hefur starfað á sviði brjóstagjafar í 23 ár. Hún kynnir hugmyndafræðina að baki heimasíðunni www.brjostagjof.is og hvernig hún notar síðuna í starfi sínu við ráðgjöf til mæðra. Arnheiður mun líka kynna helstu nýjungar á sviði brjóstagjafar og vinsældir mismunandi efnis á síðunni. Heimsóknir og notkun síðunnar hafa farið langt fram úr björtustu vonum og hafa foreldrar ungbarna og heilbrigðisstarfsmenn lýst yfir ánægju sinni með að hafa loks auðveldan aðgang að íslensku efni um brjóstagjöf sem byggir á nýlegum rannsóknum. **- gun**

**ÞETTA GERÐIST:** 16. MARS ÁRIÐ 1521

## *Magellan kemur til Filippseyja*



Þennan dag árið 1521 kom portúgalski landkönnuðurinn Ferdinand Magellan til Filippseyja. Magellan fæddist í Sabrosa árið 1480. Ungur að aldri fékk hann áhuga á landa- og stjörnufræði. Þegar Magellan var tvítugur fór hann fyrst á sjó. Árið 1510 fékk hann stöðuhækkun sem skipstjóri en hann stalst til þess að sigla til austurs án leyfis og var í refsingarskyni lækkaður í tign og neyddur til þess að fara aftur til Portúgals. Hann réð sig í þjónustu Spánarkonungs og 10. ágúst 1519 fóru fimm skip undir stjórn Magellans frá Sevilla og sigldu eftir Guadalquivir til San Lucar de Barrameda. Frá Grænhöfðaeyjum hélt hann yfir til Brasilíu og 28. nóvember sama ár sigldu þrjú skipa hans um Magellansundið og yfir til Kyrrahafsins. Hinn 16. mars náðu skipin Homonhom á Filippseyjum. Hann varð því fyrsti Evrópubúinn til að sigla vesturleiðina til Asíu, fyrstur Evrópubúa til að sigla yfir Kyrrahafið og fyrstur til að stjórna leiðangri umhverfis hnöttinn.



**MIKILL HEIÐUR** Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og stundakennari við LHÍ, og Sigrún Birgisdóttir, arkitekt FAÍ, eru meðal stofnefnda Vatnavina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VATNAVINIR: HLJÓTA ALÞJÓÐLEG VERÐLAUN Í ARKITEKTÚR

# Verðmætin liggja í náttúrunni

Vatnavinir hafa hlotið hin virtu alþjóðlegu verðlaun í arkitektúr Global Award for Sustainable Architecture 2011 fyrir verkefnið Heilsulandið Ísland. Locus Foundation standa árlega fyrir þessari verðlaunaveitingu sem er hugsuð sem viðurkenning til handa arkitektum fyrir framþróun á sviði sjálfbærni í arkitektúr. Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt og meðlimur í Vatnavinum, segir hópnum sýndur mikill sómi og heiður með verðlaununum.

„Við erum hæstánægð að hafa hlotið þessi virtu og eftirsóttu verðlaun. Þetta er mikil viðurkenning á þeirri ferðaþjónustu sem við höfum, ásamt fleiri aðilum, sveitafélögum, staðarhöldurum og ferðaþjónum, þróað í átt að sjálfbærni á Vestfjörðum, með því að vekja athygli ferðafólks og heimamanna á náttúrulaugum sem eru þar,“ segir Olga en hlutverk arkitekta í verkefninu hefur verið að leggja til hugmyndir að frekari uppbyggingu á ferðaþjónustu tengdri laugunum fyrir vestan.

Verðlaunin eru nú veitt í fimmta sinn. Yfir 200 tilnefningar bárust til þeirra í ár og eru Vatnavinir á meðal fimm aðila sem urðu hlutskarpastir að þessu sinni. Olga telur að þátttaka þeirra í samnorrænu sýningunni Manmade Environment í haust, sem helguð var sjálfbærum landslagsarkitektúr, hafi vakið athygli Locus á verkefninu og átt þátt í tryggja þeim verðlaunin. Fulltrúi hópsins flýgur svo utan til Parísar síðla maí til að veita þeim formlega viðtöku í Cité de l´Architecture.

En hvaða þýðingu hafa verðlaun af þessu tagi? „Fyrir utan að ýta undir sjálfbærni og vera mikil viðurkenning á starfinu, eins og ég segi, þá verða þau vonandi til að vekja frekari athygli stjórnvalda á þessu fjölbreytta verkefni og fá þau þannig til að styðja og hlúa betur að því,“ segir Olga og getur þess að þegar hafi erlendir fjölmiðlar farið mjög lofsamlegum orðum um verkefnið Vatnavinir Vestfjarða. Það hafi að auki hlotið virtu Eden-ferðamálaverðlaunin í Brussel í fyrra, en þau eru árlega veitt þeim evrópsku áfangastöðum sem þykja nálgast ferðamennsku með nýjum og frumlegum hætti.

„Vonandi verður þetta bara allt saman til þess að við Íslendingar uppgötvum hvar verðmætin liggja, í heita vatninu og einstakri náttúru,“ segir hún loks. **roald@frettabladid.is**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Árbjörg Ólafsdóttir**

Húsagarði, áður Suðurhólum 30,

lést á dvalarheimilinu Lundi 12. mars síðastliðinn. Útför fer fram frá Skarðskirkju, Landsveit, laugardaginn 19. mars kl. 14.00.

**Sigrún Ingólfsdóttir** **Einar Brynjólfsson**
**Jóna St. Sveinsdóttir**
**Ólafur S. Sveinsson** **Guðbjörg Anna Ellertsdóttir**
**Ólafía Sveinsdóttir** **Ólafur Andrésson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldvin Einar Skúlason**

Bollasmára 5, Kópavogi,

lést sunnudaginn 13. mars á krabbameinsdeild Landspítalans. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 18. mars kl. 15. Innilegar þakkir sendum við starfsfólki deildar 11 E á Landspítala við Hringbraut.

**Unnur Tessnow**
**Hulda Björg Baldvinsdóttir** **Jóhannes Kristjánsson**
**Hafdís Erla Baldvinsdóttir** **Einar Ragnarsson**
**Helgi M. Baldvinsson** **Bára Mjöll Ágústsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Böðvarsdóttir**

Hrísalundi 18, Akureyri,

lést mánudaginn 14. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. mars kl. 10.30.

**Haraldur Páll Guðmundsson** **Bergþóra Stefánsdóttir**
**Gunnhildur Aradóttir**
**Einar Sveinn Arason** **Margrét Björnsdóttir**
**Edda Sigurbjörg Aradóttir** **Kjartan Baldursson**
**Helgi Þór Arason** **Eygló Ósk Magnúsdóttir**
**ömmu og langömmubörn**




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 16. mars 2011 – 5. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 50.. visir



**Reitir**
Setja markið á Kauphöllina
2



**Eignarhald í atvinnulífinu**
Kortlagt af Samkeppniseftirliti
3-4

**Skattamál**
Finnur Oddsson svarar Indriða H. Þorlákssyni
6





**SAMEINAÐ** Sérstaklega menntaðir fjármálaráðgjafar verða framvegis í útibúum Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hagrætt í Arion Banka

Arion Banki stendur fyrir því þessa dagana að mennta 47 starfsmenn sem fjármálaráðgjafa í háskólanum á Bifröst og munu þeir framvegis starfa í útibúum bankans. Markmiðið mun vera að bæta þjónustuna.

Samhliða þessu verður hagrætt í útibúanetinu og verða þrjú útibú á höfuðborgarsvæðinu sameinuð í eitt í næstu viku. Færri og stærri útbú er liður í því að færa ákvörðunarvald frá höfuðstöðvum bankans í Borgartúni yfir til útibúa. Engum verður sagt upp en störf færð til, samkvæmt upplýsingum frá Arion Banka. - jab

## Hamfarir veikja markaðina

Fjármálamarkaðir í Japan hafa tekið krappa dýfu eftir náttúruhamfarirnar sem riðu yfir landið á föstudag.

Síðustu tvo daga hafa hlutafjáreigendur selt bréf sín í stórum stíl sökum óvissuástandsins sem hefur skapast þar.

Nikkei-vísitalan hafði lækkað um rúm 10 prósent þegar mörkuðum lokaði í gær.

Stjórnvöld hafa dælt jafngildi um 33.000 milljarða króna inn í efnahagskerfið og náð þar með nokkru jafnvægi í gengismálum. - þj

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**LÉTTIR Á GRIKKJUM**
Leiðtogar evruríkjanna komust um helgina að samkomulagi um að efla verulega björgunarsjóðinn sem stofnaður var á síðasta ári til að takast á við skuldavanda einstakra evruríkja. Jafnframt ákváðu þeir að létta nokkuð kostnaði af Grikkjum við lánin sem þeir fengu úr sjóðnum, bæði með því að lækka vexti um eitt prósent og lengja lánstímann í sjö og hálft ár. Markaðir brugðust vel við þessu strax á mánudag og högnuðust Grikkir mest á því.



**ÚTFLUTNINGUR STÖÐVAST**
Olíuútflutningur frá Líbíu hefur stöðvast nánast alveg vegna átakanna í landinu. Alþjóðlega orkustofnunin IEA sagði í gær að mánuðir gætu liðið áður en hráolía frá Líbíu sæist aftur á heimsmörkuðum. Sádi-Arabar hafa sagst ætla að framleiða meiri olíu til að bæta upp það sem dettur út af markaðnum vegna Líbíu. Bandaríkjamenn hafa sömuleiðis gert sig líklega til að ganga á olíuforða sinn til að draga úr þrýstingi á heimsmarkaðnum.

**JAFNAST Á VIÐ KATARÍNU**
Tryggingafélög reikna með að þurfa að greiða næstum því jafn mikið vegna tjóns eftir jarðskjálftann og flóðbylgjuna í Japan eins og vegna fellibylsins Katarínu, sem reið yfir sunnanverð Bandaríkin árið 2005. Hlutafé alþjóðlegra tryggingafyrirtækja hefur lækkað í verði eftir hamfarirnar í Japan.

# Skoða sameiningu allra sparisjóðanna

### Þrjár tillögur eru að framtíðarskipulagi sparisjóðakerfisins. Sparisjóðirnir gætu orðið fjórir. Enn er óvíst með Byr.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Nauðsynlegt er að skoða alla möguleika á rekstrarlegri hagræðingu sparisjóðanna. Eftir sameiningu SpKef og Landsbankans er enn brýnna en áður að taka sameiningar sparisjóðanna til skoðunar, jafnvel í einn sparisjóð, að sögn Elínar Jónsdóttur, forstjóra Bankasýslu ríkisins. Hún segir ljóst að samruni Landsbankans og SpKef í síðustu viku hafi breytt myndinni töluvert.

Fyrir samrunann lá fyrir að lækka þyrfti kostnað og hagræða í sparisjóðakerfinu, svo sem með því að leita leiða til að lækka kostnað við aðkeypta þjónustu eins og upplýsingatækniþjónustu, með sameiningum og innri hagræðingu í sparisjóðunum.

„Rekstrarumhverfið er erfitt og þeir sparisjóðir sem eftir standa þurfa því að leita allra leiða til að ná niður kostnaði. Allir hagsmunaaðilar verða að skoða með opnum huga hvaða leiðir eru best til þess fallnar að ná fram aukinni hagræðingu í rekstrinum,“ segir Elín.

Hún fundaði með öllum sparisjóðsstjórum landsins og forsvarsmönnum þeirra á föstudag í síðustu viku. Þar voru þrjár mögulegar leiðir kynntar: Sparisjóðirnir gætu starfað áfram í óbreyttri mynd, þeim yrði skipt upp í þrjá til fjóra svæðisskipta sparisjóði eða þeir myndu allir sameinast undir einum hatti. Niðurstaða fundarins var að teikna upp mynd af sparisjóðakerfinu og taka ákvörðun um næstu skref þegar myndin yrði skýrari.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við telja líklegt að breytingin á sparisjóðakerfinu muni ganga hratt fyrir sig. Hins vegar er óvíst hvaða framtíð bíður Byrs. Ríkið tók hann yfir ásamt Sparisjóðnum í Keflavík fyrir tæpu ári. Þótt hann sé ekki sparisjóður í dag heldur hann enn utan um greiðslumiðlun sparisjóðanna og vinnur með þeim á ýmsan hátt. Nokkrir telja ekki útilokað að Byr verði gerður að sparisjóði á ný. Gangi það eftir er líklegt að hann verði það hryggjarstykki sparisjóðakerfisins sem SpKef átti að verða.

**SPARISJÓÐAKERFIÐ**

| Lykilþættir | Fyrir yfirtöku | Eftir yfirtöku | Breyting |
|---|---|---|---|
| Heildareignir* | 163,5 | 65,5 | -60% |
| Fjöldi starfsmanna | 280 | 152 | -46% |
| Fjöldi útibúa | 39 | 23 | -41% |
| Hlutfall af útibúum í landinu | 33% | 20% | -39% |

** Í milljörðum króna*

Ætla má að sparisjóðakerfið hafi skroppið saman um helming með yfirtöku Landsbankans á SpKef (áður Sparisjóðnum í Keflavík) í síðustu viku. Heildareignir sparisjóðanna tíu, bæði þeirra þriggja sem kallast geta sjálfstæðir og hinna, sem Bankasýslan og Arion banki eiga að mismiklu leyti, nemur á milli sextíu og sjötíu milljörðum króna.

SpKef varð stærsti sparisjóður landsins eftir fall Byrs í fyrravor. Ársreikningur SpKef liggur enn ekki fyrir. Miðað við uppgjör sparisjóðsins frá fyrri hluta síðasta árs námu heildareignir hans tæpum hundrað milljörðum króna, eða sem nemur sextíu prósentum af heildareignum sparisjóðanna. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu hefur brotthvarf sparisjóðsins mikil áhrif á kerfið í heild. Starfsfólki fækkar um 46 prósent og fækkaði útibúum um fjórðung prósent.

Því til viðbótar þótti skjóta skökku við að á sama tíma og sparisjóðirnir voru með fimm prósenta markaðshlutdeild á bankamarkaði var hlutfall sparisjóða í útibúanetinu tæp 33 prósent. Með samrunanum í síðustu viku má áætla að hlutfallið dragist saman um tæp fjörutíu prósent og verði sparisjóðirnir með tuttugu prósent af öllum bankaútibúum. Ekki er búið að taka saman markaðshlutdeild sparisjóðanna eftir samrunann.



# Hægt að horfa til baka

## Nú bjóðast söguleg gögn úr hlutafélagaskrá.

Nú er hægt að nálgast sögulegar upplýsingar úr hlutafélagaskrá hjá Creditinfo, en það hefur ekki verið hægt áður.

Þannig geta fyrirtæki og stofnanir nú flett því upp hverjir hafa setið í stjórnum hlutafélaga og hverjir höfðu heimild til að skuldbinda félag á einhverjum gefnum tíma.

„Upplýsingarnar varpa enn fremur ljósi á hvaða breytingar hafa orðið á skráningum félaga í hlutafélagaskrá allt frá fyrsta febrúar 2005 og er því á einfaldan hátt hægt að sjá hvenær stjórnar- eða framkvæmdastjórabreytingar fyrirtækis áttu sér stað,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. **- óká**



**Í KAUPHÖLLINNI** Tilgangur nýrrar þjónustu hjá Creditinfo er sagður vera að tryggja aukið gagnsæi viðskipta og spara tíma sem fylgir upplýsingaöflun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjárfestar halda sig úti á landi

## Innlán jukust um hundruð prósenta í þremur sparisjóðum á þremur árum.

„Við erum ekki með fjárfestingarbankaþjónustu og ætlum ekki að gera það. Fólk vill einföld gildi,“ segir Guðmundur E. Lárusson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Hann er einn þeirra þriggja sparisjóða sem ekki hafa þurft á eiginfjárframlagi að halda. Hinir eru Sparisjóður Strandamanna og Sparisjóður Höfðhverfinga á Grenivík.

Þegar viðskiptabankarnir fóru á hliðina haustið 2008 fjölgaði viðskiptavinum sparisjóðanna þriggja og hefur lítið lát verið á vinsældunum þótt á þriðja ár sé liðið frá hruni.

Mest hefur aukningin verið hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga en innlán fóru úr 2,3 milljörðum króna í lok árs 2007 í sjö milljarða í árslok 2009.

Engin breyting hefur orðið á stöðu innlána, að sögn Guðmundar sparisjóðsstjóra. **- jab**

**VÖXTUR INNLÁNA 2007-2009**

| Sparisjóður | 2007* | 2008* | 2009* | Árl. meðalvöxtur |
|---|---|---|---|---|
| Sparisjóður Suður-Þingeyinga | 2.300 | 4.600 | 7.000 | 76,1% |
| Sparisjóður Strandamanna | 560 | 726 | 1.413 | 62,1% |
| Sparisjóður Höfðhverfinga | 888 | 1.001 | 1.305 | 21,55% |

** Í milljónum króna*

**BANKABÓKIN**

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,50% | 11,50% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,05% | 11,15% | 9,50 til 11,15% |
| BYR | PM-reikningur 2,05% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,35%[C] | 11,45% | 11,45% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,00% | 10,20% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# CCP ekki á undanþágu

Gjaldeyrishöft í að verða tvö og hálft ár koma mjög illa við rekstur tölvuleikjafyrirtækisins CCP og er forstjórinn Hilmar V. Pétursson orðinn þreyttur á þeim.

CCP hefur enn ekki fengið almenna undanþágu frá gjaldeyrishöftunum. Almennar undanþágur kveða á um að áttatíu prósent af tekjum og kostnaði fyrirtækja sem fá undanþágur þurfa að koma frá útlöndum. CCP er enn með of mikla starfsemi á Íslandi til að ná því.

„99,7 prósenta okkar tekna koma að utan og sextíu prósent kostnaðarins. Þegar við sóttum fyrst um undanþágu var minna af kostnaði okkar erlendis. Ef við ætlum að fá almenna undanþágu þurfum við að flytja meira af starfseminni út. Ég er ekki að segja að við ætlum að gera það en þannig er hvatinn í kerfinu,“ segir Hilmar.

„Við erum með fjölmarga erlenda starfsmenn á Íslandi sem eru undir gjaldeyrishöft settir. Þótt við borgum þeim í evrum, eins og öllu okkar starfsfólki á Íslandi, þá mega þeir ekki taka peningana með sér heim. Margir þeirra eru með námslán eða hús sem þeir þurfa að borga af í heimalandinu. Höftin til viðbótar við aðra ómarkvissa lagasetningu gera það að verkum að rekstrarumhverfið hér er ekki sambærilegt við það sem býðst annars staðar,“ segir Hilmar. **- jab**



**HILMAR V. PÉTURSSON**

# Fasteignafélag setur markið á Kauphöll

## Hagur Reita vænkaðist eftir uppstokkun. Ef allt gengur eftir verða tvö fasteignafélög á markaði eftir tvö ár. Mikilvægt að fjölga fjárfestingarkostum, segir forstjóri Reita.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Undirbúningur er hafinn við skráningu fasteignafélagsins Reita á markað á seinni hluta næsta árs. Gangi áætlanir eftir verður þetta annað fasteignafélagið sem fer á markað en eignarhaldsfélagið Reginn, dótturfélag Landsbankans, tilkynnti í nóvember í fyrra að stefnt væri að skráningu Fasteignafélags Íslands á hlutabréfamarkað á árinu.

„Ég tel aðkomu fagfjárfesta að Reitum hljóta að vera áhugaverðan kost, sérstaklega nú þegar fjárfestingarmöguleikar eru nokkuð takmarkaðir,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, á 43 prósenta hlut í Reitum. Horn, fjárfestingarfélag Landsbankans, á þrjátíu prósent og þrotabú Landic Property á sextán prósent. Aðrir hluthafar eiga minna.

Fyrirtækið Reitir er reist á grunni Landic Property, sem var umsvifamikið á fasteignamarkaði á Norðurlöndunum fyrir hrun. Það átti meðal annars danska fasteignafélagið Keops. Landic Property var tekið til gjaldþrotaskipta fyrir ári og fyrirtækið Reitir búið til utan um íslenska fasteignahlutann.

Samstæða Reita samanstendur af sjö dótturfélögum auk móðurfélags, sem sér um umsýslu dótturfélaga. Skiptingin tekur mið af sögulegri uppbyggingu félagsins og veðsetningum eigna. Þannig er Reitir I „gamla“ Landic Property, Reitir II „gamla“ Landsafl og svo framvegis.

Félagið á 130 fasteignir. Þar á meðal eru Kringlan, Hilton Reykjavík Nordica, Hótel Loftleiðir og Kauphallarhúsið. Verðmæti eignasafnsins nemur 92 milljörðum króna.

Guðjón segir reksturinn góðan, mikil gæði séu í eignasafninu, fjárstreymið gott og líftími leigusamninga langur. Fjárfesting í fasteignafélagi á borð við Reiti sé því líkust kaupum á löngu skuldabréfi.




**VILL FJÖLGA FJÁRFESTINGARKOSTUM** Fasteignafélagið Reitir á 130 þekktar fasteignir. Þar á meðal eru Kringlan, Nordica-hótelið og Kauphallarhúsið svokallaða.

### Unnið að endurfjármögnun

Reitir hagnaðist um fjóra milljarða króna í fyrra samanborið við tæplega 9,9 milljarða tap árið á undan. Tapið stendur að stærstum hluta af gengishagnaði og hækkun á virðismati eigna. Tekjur eru lítið breyttar á milli ára, 7,6 milljarðar króna.

Af 73,9 milljarða króna skuldum eru 57 milljarðar á gjalddaga á næsta ári, samkvæmt ársreikningi félagsins. Þar kemur fram að fyrir liggur samkomulag við lánardrottna þess efnis að lengja megi í gjalddögum um nokkur ár séu lánasamningar ekki rofnir. Guðjón segir að miðað við núverandi stöðu og áætlanir næsta árs sé engin ástæða til að telja annað en að staðið verði við skilmála. Engin launung sé að endurfjármögnun Reita til lengri tíma sé eitt af helstu verkefnum félagsins og er fyrirhuguð skráning í Kauphöllina liður í því.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 03/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# 5,2 – 8,1 L/100 KM.
# GERI AÐRIR BETUR!

KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.790.000** M. VSK.
**1,5 DÍSIL - 86 HÖ - 5,2 L/100 KM***

**NÝR!**



TRAFIC
VERÐ FRÁ: **3.990.000** M. VSK.
**2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 7,5 L/100 KM***



MASTER MILLILANGUR – VÆNTANLEGUR
VERÐ FRÁ: **4.990.000** M. VSK.
**2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,1 L/100 KM***

**NÝR!**



**www.renault.is**

**RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.** Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir mestu máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master býður gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

RENAULT

*Blandaður akstur.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000




**VELDU FYRIRTÆKI** Samkeppniseftirlitið er með fimmtán yfirtökur banka og lífeyrissjóða á íslenskum stórfyrirtækjum undir virku eftirliti. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Samkeppniseftirlitið kortleggur *eignarhald atvinnulífsins*

Stór hluti fyrirtækja landsins lenti í faðmi bankanna þegar efnahagslífið fór á hliðina fyrir rúmum tveimur árum. Samkeppniseftirlitið hefur sett bönkunum skilyrði um eignarhaldið með það fyrir augum að koma í veg fyrir misvægi á markaðnum. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði málið og ræddi meðal annars við Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Forsvarsmenn margra fyrirtækja hafa síðastliðin tvö ár kvartað yfir skekktri samkeppnisstöðu eftir efnahagshrunið og ítökum banka í fyrirtækjarekstri. Þetta kemur hvað skýrast fram í niðurstöðum nýlegrar könnunar Viðskiptaráðs en þar taldi rúmur helmingur fyrirtækja sig í beinni eða óbeinni samkeppni við hið opinbera. Þetta er fjórðungi fleiri fyrirtæki sem telja stöðuna hafa versnað frá sambærilegri könnun um svipað leyti í fyrra.

Í áliti Viðskiptaráðs segir að áhyggjuefni sé hversu mikil aukningin er á milli ára enda kunni það að draga úr þrótti atvinnulífsins. Því þurfi að skerpa á skilum á milli hins opinbera og einkaaðila með því að flýta fyrir sölu á fyrirtækjum í eigu fjármálastofnana.

„Hvort sú aukning [er] merki að fleiri fyrirtæki séu nú í óbeinni eigu hins opinbera eða hvort fyrirtæki í opinberri eigu séu að sækja í sig veðrið er erfitt að segja til um," segir í áliti Viðskiptaráðs. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar gætir samkeppninnar við hið opinbera að mestu í smá- og heildsölu, þjónustugreinum og orku- og umhverfisstarfsemi. Staða fyrirtækja hljóti að bjagast ef samkeppnisaðilinn nýtur styrkleika bakhjarls á við hið opinbera.

„Skerpa þarf skil á milli hins opinbera og einkaaðila með því að flýta sölu á fyrirtækjum í eigu fjármálastofnanna. Það getur hvorki talist æskilegt né eðlilegt að umtalsverður hluti fyrirtækja sé í beinni eða óbeinni ríkiseigu," segir í álitinu.

**STRAUMHVÖRF Í HRUNINU**

„Strax við bankahrunið þá blasti það við öllum að bankarnir myndu hafa mikið um líf og dauða fyrirtækja að segja. Við beindum þá áliti til stjórnvalda og bankanna, sem ríkið hafði þá tekið yfir, sem fól í sér tíu kjarnareglur um samkeppni sem við mæltumst til að þeir hefðu að leiðarljósi við endurskipulagningu fyrirtækja," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Í framhaldinu hefur Samkeppniseftirlitið fjallað mikið um endurskipulagningu banka á atvinnufyrirtækjum. Þá hefur hlutverk lífeyrissjóðanna í endurskipulagningunni einnig komið til athugunar, einkum í tengslum við athugun á yfirtöku Framtakssjóðs Íslands á eignarhaldsfélaginu Vestia. „Við höfum í gegnum þau tæki sem við höfum leitast við að hafa jákvæð áhrif á þessi viðfangsefni. Það er gríðarlega mikilvægt hvernig bankarnir og lífeyrissjóðirnir feta sig út úr þessari stöðu," segir Páll Gunnar.

Mikið bar á eftirlitinu eftir efnahagshrunið. Strax í nóvember 2008 birti það skýrslu þar sem dregin var upp mynd af fimmtán mikilvægustu samkeppnismörkuðunum þar sem bent var á leiðir til þess að draga úr svokölluðum aðgangshindrunum, þ.e. hindrunum sem lítil fyrirtæki og ný standa frammi fyrir þegar þau reyna að vaxa og dafna við hlið stærri fyrirtækja. Á meðal þeirra markaða sem Samkeppniseftirlitið fjallaði um í skýrslunni voru matvörumarkaðir, fjarskipti, fjármálamarkaðir og flutningamarkaðir.

„Við bentum á ýmsar lausnir sem stendur bæði upp á stjórnvöld og fyrirtæki á markaði að beita sér fyrir. Við höfum síðan verið að vinna út frá þessari stefnumörkun sem við lögðum upp með í nóvember 2008 og tekið fjölda mála til skoðunar á þessum grunni, beint álitum til stjórnvalda og tekið upp rannsóknir gagnvart fyrirtækjum," segir Páll Gunnar.

**AFSKIPTI AF YFIRTÖKUM**

Í hvert sinn sem banki hefur tekið yfir fyrirtæki ber honum að tilkynna það til Samkeppniseftirlitsins, sem fjallar um málið. Lítið var um að slíkar yfirtökur væru tilkynntar fyrr en á seinni hluta ársins 2009.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í janúar í fyrra komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitið hefði nokkuð víðtækar heimildir til að setja slíkum yfirtökum skilyrði. Síðan þá er Samkeppniseftirlitið búið að setja um tuttugu yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum ítarleg skilyrði.

**SÖLUFRESTIR**

„Staðan er erfið þegar banki hefur ekki bara það hlutverk að sinna fjármálaþjónustu heldur er líka eigandi tiltekinna fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum," segir Páll Gunnar og bendir á að á meðal skilyrðanna sé að bankarnir selji fyrirtæki sem þeir hafi tekið yfir innan tiltekins tímafrests. Frestirnir eru mislangir og ráðast af aðstæðum í hverju tilviki. „Í sumum tilvikum hafa fyrirtæki þegar verið seld en í öðrum tilvikum hefur ekki reynt á tímafrestina enn," segir Páll.

Einnig hefur Samkeppniseftirlitið leitast við að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum, m.a. með því að mæla fyrir um að fyrirtæki í eigu banka séu rekin í sérstöku eignarhaldsfélagi utan bankans. Þá mega stjórnendur banka ekki skipta sér af því við hvaða fyrirtæki þau eiga í viðskiptum við. „Bankarnir mega ekki búa til viðskiptablokkir þar sem fyrirtæki í þeirra eigu eiga í viðskiptum hvert við annað. Bankarnir verða að fylgja þessu eftir," segir Páll Gunnar.

„Það liggur í augum uppi að mörg fyrirtæki eru í eigu eða í mjög ríkum tengslum við bankana. Það eitt og sér getur skapað hættu á blokkamyndun. Skýrasta myndin af samkeppnishindrunum sem af slíkum blokkum getur hlotist er þegar fyrirtæki innan sömu blokkar eiga einvörðungu viðskipti sín á milli og sniðganga aðra valkosti. Við erum að fást við það í þessum skilyrðum sem við setjum, bæði gagnvart bönkunum og Framtakssjóðnum sem nýlega



**Vegabréfið þarf að vera í lagi.** Einn af hverjum tíu ferðalöngum lendir í vandræðum á flugvelli sökum þess að vegabréf er útrunnið eða skammt er eftir af gildistíma þess. Þetta er niðurstaða könnunar í Bretlandi á orsökum þess að ferðamönnum er meinað að fljúga.

# ;ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ



**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Umhverfisvænn frostlögur
FERNOX
fyrir hita og kælikerfi
- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is
Hringás

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
LAGERSALA
ÓTRÚLEG VERÐ
BUXUR FRÁ KR.1.000.-
PEYSUR FRÁ KR.1.000.-
BOLIR FRÁ KR. 1000.-
BARA SKEMMTILEGT
Opnunartími:
miðvikud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard.11:00 - 16:00
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is


**Ólafur Eggertsson og Guðný A. Valberg á Þorvaldseyri rísa tvíefld úr öskunni með nýjung í ferðaþjónustu.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Opna gestastofu á gosafmæli

Gestastofa með minjum, kvikmynd og ljósmyndum tengdum gosinu í Eyjafjallajökli verður opnuð neðan við Þjóðveg 1, andspænis Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, 14. apríl. Þann dag er eitt ár liðið frá því gosið hófst. „Ákveðið var um síðustu áramót að fara í þetta verkefni. Við viljum gjarnan kynna fyrir fólki hvernig eldgosið hagaði sér, hvernig við lifðum með því og hver framvindan hefur verið. Það er allt að því skylda okkar, þetta var heimsatburður,“ segir Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, sem stendur að gestastofunni ásamt fjölskyldu sinni. „Já, þó svo að um litlar hamfarir væri að ræða í samanburði við það sem nú hefur gerst í Japan sköpuðust þær aðstæður í fluginu að gosið hafði áhrif úti um allan heim,“ bætir kona hans, Guðný A. Valberg, við.


;FRAMHALD | 2



Jeppadekk
-20%
afsláttur af jeppadekkjum!
Bremsuklossar
-15%
afsláttur af bremsuklossaskiptum
Smurþjónusta
1000 kr.
afsláttur af smuri!
BÍLKÓ
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins

**Utanríkisráðuneytið** gefur út ferðaviðvaranir þegar ástæða þykir til og ætti alltaf að kanna hvort slíkar viðvaranir séu í gildi áður en haldið er út í heim. Sem stendur ræður ráðuneytið Íslendingum frá ónauðsynlegum ferðalögum til Japan.



ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA
SUPERPREMIUM KISUNAMMI
Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



32 prósent landsmanna sögðust nota einkabílinn minna sumarið 2010 en fyrir tveimur árum, að því er fram kom í könnun á ferðavenjum sumarið 2010 sem unnin var fyrir samgönguyfirvöld.

**Heimild: vegagerdin.is**



Daglega stoppar fjöldi hópferðabíla við vegamótin á Þorvaldseyri og marga ferðamenn þyrstir í fræðslu. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Framhald af forsíðu

Húsið sem gestastofan er í hýsti áður vélaverkstæði. Inni hefur það verið málað í svörtum, gráum og rauðum litum í stíl við gosið. Á gólfinu er aska blönduð sementi og þar ofan á Kötlusteinteppi sem framleitt er í Vík. „Við fengum til liðs við okkur Björn G. Björnsson sýningarhönnuð, Ara Trausta Guðmundsson jarðeðlisfræðing, smiði, pípara, rafvirkja og dúklagningamann,“ lýsir Ólafur og segir verkefnið afar skemmtilegt.

Helsta fræðsluefni stofunnar verður heimildarmynd eftir Svein M. Sveinsson í Plúsfilm sem sýnir alla helstu þætti gossins og lífið á Þorvaldseyri bæði fyrir það og eftir. Auk þess verða þar jarðfræðilegar útskýringar og ýmislegt til minja og Guðný segir tvær dætur þeirra hjóna munu taka þátt í að miðla upplýsingum.

„Húsið er hitað upp með vatni úr eldfjallinu, við framleiðum rafmagn til að lýsa það upp og fólk getur bergt á vatni úr fjallinu,“ segir Ólafur og bætir við: „Svo fer fólk út á hlað og þar er veröldin.“

*gun@frettabladid.is*



Gestastofan er við Þjóðveg 1, rétt vestan við Þorvaldseyri. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

ZEPA
Nýtt í Fríform > Frá Ítalíu
ZEPA helluborð á SPENNANDI verði !

| | | |
|---|---|---|
| Keramik | 300x505 mm | kr. 39.900 |
| Keramik m/snertirofum | 580x505 mm | kr. 69.900 |
| Keramik m/snertirofum | 770x505 mm | kr. 99.900 |
| Spansuðuborð | 580x505 mm | kr. 109.900 |

FULLKOMIN TÆKNI
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

25 mín. partanudd Verð: 3.500 kr.
50 mín. heilsunudd Verð: 5.500 kr.
Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

YFIRHAFNADAGAR
20% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM
Gildir til laugardagsins 19. mars.
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Startaðu betur í vetur
Nú þegar veturinn er genginn í garð munu langar frostnætur reyna mjög á rafgeyminn þinn og óvíst hvort hann lifi af. TUDOR rafgeymirinn er hannaður til þess að þola það álag sem slíkar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppákomur.
TUDOR rafgeymar - betra start í allan vetur!
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
Afgreiðslutími virka daga frá 8:15 - 17:30
TUDOR
fæst í Sölningu Kópavogi, Njarðvík, Selfossi og Barðanum Skútuvogi

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir.is



Bænafánar og bænasteinn með stúpum á bak við sem eru reistar á heilögum stöðum og eru búddískt tákn.



Tikse Gompa, klaustrin eru oft eins og heil þorp.



Inga kynntist Tíbet fyrst fyrir þrjátíu árum. Þessi mynd af henni með fyrrverandi húsmóður sinni, Ama, er tekin fyrir tveimur árum er hún var þar í heimsókn.

# Trú, líf og tignarlegt land

**Ein umfangsmesta hópferð Íslendinga til Tíbet er á döfinni hjá Bændaferðum frá 28. maí til 12. júní. Tíbet er kallað „þak veraldar" því þar eru hæstu fjallgarðar í heimi. Fararstjóri er Inga Ragnarsdóttir.**

„Við munum kynnast búskaparháttum fólks í þessu harðbýla landi, skoða sögufrægar hallir og upplifa menningar- og trúararf Tíbeta í Lamaklaustrunum. Auk þess ferðumst við um tignarlegt landslag og ætlum að komast að rótum Everest," segir Inga Ragnarsdóttir, fararstjóri Bændaferða til Tíbet. Hún kynntist daglegu lífi í Vestur-Tíbet fyrir þrjátíu árum er hún dvaldi þar í nokkrar vikur. Var meira að segja leidd fyrir trúarleiðtogann Dalai Lama sem af tilviljun var í heimsókn í höfuðborginni Lhasa þegar hún steig fyrst fæti niður þar.

Inga segir ferðina til Tíbet nú taka þrjá daga. Komið verði til Tíbet 31. maí og lent í höfuðborginni Lhasa, sem liggi í yfir 3.600 metra hæð. „Við byrjum á að taka því rólega til að venjast loftslaginu," lýsir hún og segir dagana sem í hönd fara notaða til skoðunarferða. „Byggingarstíll Tíbet í borginni Gyantse er meðal þess sem við sjáum og í teppaverksmiðju kynnum við okkur handverk Tíbeta. Í lokin verður haldið þvert yfir fjallgarðana til Kína með hinni frægu járnbraut sem kölluð hefur verið „Himnalestin" og enginn trúði að hægt væri að leggja. Stórbrotin leið sem áður var ekki talin fær nema fuglinum fljúgandi. Þremur síðustu dögunum verður varið í Kína. Þar verður farið í nokkra fegurstu garða landsins." Nánari upplýsingar eru á www.baendaferdir.is

*gun@frettabladid.is*










# BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilahollin.is



M.Benz GL 420 CDi Diesel 6/2007 ek.4þús. 35" breyting einn m/ öllu ásett verð 15.500.000.-



Toyota Land Cruiser 120 LX Diesel turbo 5/2006 ek. 89.þús. sjalfskiptur, fallegur bíll ásett verð 4.790.000.- möguleiki á allt að 90% láni



Hyundai I-30 1.6 diesel 11/2009 ek.þús. 13þús.5 gíra algjör sparibaukur ásett verð 2.490.000.-



VORTEX heithúðun á pallhúðun á allar gerðir pallbíla og fleira upplýsingar í síma 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LJÓSLEIÐARA- OG ÞRÁÐLAUSAR TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHÝSINGAR

Verð frá
998.- kr.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
525 2400
WWW.VORTEX.IS

Kynntu þér 2 fyrir 1 stofntilboð okkar.

**Hringiðan Internetþjónusta**
**Skúlagata 19, 101 Reykjavík**
**Sími: 525 2400**
**WWW.HRINGIDAN.IS**

hjól.is
bestir í hjólum...



YAMAHA Blaster 200. Árgerð 2005 Fínasta hjól Möguleiki á Visaláni Tilboðsverð 229.000. Fyrstur kemur Fyrstur Fær Rnr.133122.

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SKI-DOO SUMMIT 800R X 146". Árg. 2008, ek. 2þ. km, BENSÍN TILBOÐS Verð 1.350þ stgr. Rnr.120061 Flottur sleði.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar bílasala .is



Audi Q7 QUATTRO DÍSEL, 3/2008, ek 37þús.km, nýja 3,0 dísel vélin 240hö, leður, bakkmyndavél, krókur, S-line útlit, omfl, Stórglæsilegur bíll, Ásett verð 9990þús.kr, Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Renault Kangoo 2000. Nýskoðaður 2012, vetradekk, ekinn 151.000. Verð 320.000, + vsk. Uppl. í s. 896 4757 og 861 0077.



Toyota Land Cruiser VX árg '92 diesel, sjálfskiptur, ekinn 170þús.km., vél og skipting 55 þús.km., ný 46" dekk, Bedlock felgur, aukamilligír, úrhleypingabúnaður, Webasto miðstöð, 4 T Warn-spil, sterkari öxlar, stærri F-hásing, serkari S-skipting, aflmeiri túrbína, og fl. o.fl. Bíll í algjörum sérflokki, sjón er sögu ríkari, verð kr. 5,9 m. 821-6292.



**Til sölu Toyota Landcruiser 120 vx**
Árg 2006, ekinn 114.000 km, vetradekk, söllúga, filmur og dráttarkrókur. Verð 4,6m. Uppl. í s. 863 9994.

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!
567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
Nyja.is • S. 567 2277



Ford Focus 1,6 Trend 5 dyra, árg. 2007, ekinn 52þ.km. Verð 2,1 millj. Bein sala. Uppl. í síma 863 4108.



**TOYOTA COROLLA**
**Nýskráð 22.10.98**
**100%VÍSA/EURO LÁN**
Til sölu Toyota Corolla nýskr. 22.10.98 Nýsk. 2012, vél 1600 ek. 189.000, góð vetradekk. Bílinn er nýkominn af verkstæði þar sem var skipt um tímareim og kúplingu, góður bíll Verð 499.000 Möguleiki á allt að 100% Vísa/Euro láni í allt að 36 mán. Uppl í s 693-5053

Skoda Octavia diesel ssk. silfurlitur, spoiler og dráttarbeisli, ek.80þ.km. v. 2.7 millj. uppl. 893 9100.

1.) Subaru 1800 '88 Turbo 4x4, sídrifin, tveggja dyra Coupe, nýsprautaður. Nýr alternator og rafgeymir, góð vetrar og sumardekk. Akstur 18 þúsund á vél. Beinskiptur með nýlegri kúplingu. Verð kr. 340þ. 2.) Subaru 1800 '85 Turbo 4x4, hvítur station fornbíll með háu og lágu drifi, nýir loftpúðar og demparar hringinn, en body tölvert ryðgað, akstur 14 þúsund á vél. Nýleg kúpling, vetrar og sumardekk. Verð 135 þúsund. 3.) Subaru 1800 Turbo 4x4, svartur sedan, afskráður, í varahluti, 25þ. Uppl. teitur5@hotmail.com eða 863 2282.

## 0-250 þús.

Til sölu opel astra gl 98árg, ek 148Þkm V. 230Þ S: 697 4000

## 250-499 þús.



**!!! Frábær bíll !!!**
Citroen Picasso 1.8 árg 2001, ný skoðaður, beinskiptur, í góðu standi, billinn er á nýlegum vetrardekkjum, mjög rúmgóður fjölskyldubíll, ekinn aðeins 137þús, verð aðeins 480þús, uppl í s: 659-9696

## Bílar óskast

**Bíll óskast**
**á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vélsleðar



Tilboð Aðeins 590 þús. stgr. ný yfirfarinn og auka reim áhvílandi lán 400 þús. POLARIS IQ 600 FUSION DRAGON. Árgerð 2006, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 990.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

## Kerrur

**VIÐGERÐAR- OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA**
Allir gerðir af kerrum, viðgerðar- og varahlutaþjónusta. Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla. Ásetning á staðnum. Vikurvagnar ehf. S 577 1090 www.vikurvagnar.is

## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ



leiguvelar.is
Sími: 414-8600

## Lyftarar

Körfubílar ehf.



**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Vw golf 15" góðar original álfelgur og vetradekk '98 - '03. Sími: 894-0166.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

TILBOÐ MÁNAÐARINS



Varahlutir í allar gerðir lyftara
15% afsláttur
Gildir út mars
VB VÖRUMEÐHÖNDLUN
Sími: 414-8600

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir Arinbjarnar**
**Allar almennar pípulagnir, nýlagnir & skolplagnir. Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.**
**Flísaverk ehf Verktakar.**
**S. 897 5599.**

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

SÓLPALLAR



Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 18 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660, Ólafur
www.betripallar.com

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is



Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Til sölu


# Bakkamottur í flesta bíla!

**Eigum sérsniðnar bakkamottur í Nissan, Toyota, VW, Ford, BMW, Chevrolet, Land Rover o.fl.**




**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

tók yfir Vestia. Þar er um að ræða sjóð með mjög mikla fjárfestingagetu og mikilvægt að á grunni hans rísi ekki blokk sem hindri samkeppni. Við horfum líka á sambúð hans við Landsbankann, sem er þátttakandi í þeim sjóði. Svo horfum við á áhrif sjóðsins á samkeppni á fjármálamarkaði, með Landsbankann sér við hlið. Þá horfum við á það hvaða áhrif samstarf Framtakssjóðsins hafi á starfsemi lífeyrissjóða að öðru leyti,“ segir Páll.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins bendir á að bankarnir eigi að hafa á sínum snærum óháðan eftirlitsaðila til að fylgja því eftir að unnið sé eftir skilyrðum eftirlitsins. Þessir starfsmenn skila reglulegri skýrslu til Samkeppniseftirlitsins um gang mála sem tryggja eiga að farið sé eftir settum skilyrðum.

Samkeppniseftirlitið fundar auk þess reglulega með eftirlitsaðilum bankanna og forstjórum þeirra auk þess að safna sjálf upplýsingum til að ganga úr skugga um að skilyrðunum sé fylgt.

Brjóti bankarnir skilyrðin getur Samkeppniseftirlitið beitt stjórnvaldssektum. Slíkum úrræðum hefur verið beitt í sambærilegum tilvikum. Dæmi um það eru brot Teymis á skilyrðum sem sett voru vegna yfirtöku fyrirtækisins á fjarskiptafyrirtækinu Tali árið 2008. Fyrirtækið braut skilyrði sem sett voru fyrir yfirtökunni og gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Teymi. Teymi var í kjölfarinu gert að greiða 70 milljóna króna stjórnvaldssekt og skuldbatt sig til að selja Tal frá sér.

**KANNA EIGNARHALDIÐ**

Um síðustu áramót hóf Samkeppniseftirlitið að kanna stöðu um 120 fyrirtækja á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Páll Gunnar segir þetta viðamikla athugun og snýr meðal annars að því að kanna hvort eignarhald á fyrirtækjum sé á einhvern hátt dulið.

„Þetta er býsna viðamikið verkefni. Við öflum upplýsinga um stöðu fyrirtækjanna, hvar þau standa í fjárhagslegri endurskipulagningu, samskipti þeirra við bankana. Þá er reynt að varpa ljósi á hver fari með eignarhald á viðkomandi fyrirtækjum. Við erum að freista þess að fá góða yfirsýn yfir stöðu þessara mála á mikilvægum samkeppnismörkuðum, hvernig þau eru stödd, hvort þau þurfa á hjálp að halda eða ekki og hver eru tengsl þeirra við bankana,“ segir Páll Gunnar.

Páll segir of snemmt að segja til um niðurstöður athugunarinnar, en niðurstöðu er að vænta síðar á árinu.



**BREGÐAST VIÐ KVÖRTUNUM** Samkeppniseftirlitinu berast í kringum hundrað kvartanir á ári frá forsvarsmönnum fyrirtækja sem telja að fyrirtæki í eigu bankanna séu að brjóta á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MARGIR KVARTA**

Samkeppniseftirlitinu berast um 85 til 100 óformlegar ábendingar um samkeppnismál almennt á hverju ári auk fjölda erinda og kvartana frá forsvarsmönnum fyrirtækja sem telja keppinauta í eigu bankanna brjóta á sér.

Páll Gunnar segir allar ábendingar vel þegnar og þær séu allar skoðaðar. Þegar tilefni þykir til er brugðist við með athugunum, stundum með stjórnvaldssektum líkt og í tilviki Teymis. Í öðrum tilvikum leiðir rannsókn í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast.

„Við erum nú með til skoðunar um 15 athuganir sem varða ábendingar og kvartanir sem varða eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Í sumum tilvikum kann að vera ástæða til íhlutunar, en í öðrum reynast ekki forsendur til þess. Þessar kvartanir lýsa hins vegar vel stöðunni, mörg fyrirtæki telja hagsmunum sínum ógnað af bönkunum. Það ber að taka þessar ábendingar alvarlega, en það þarf að skoða þær vandlega,“ segir forstjóri Samkeppniseftirlitsins og bendir á að fjallað hafi verið ítarlega um þessa sambúð banka og fyrirtækja í umræðuskjali í lok árs 2009.

Páll Gunnar og bendir á að í mörgum tilvikum, ekki síst skömmu eftir hrunið hafi mörg fyrirtækið talið að beita ætti samkeppnislögum til að passa upp á að keppinautar þeirra á markaði fengju ekki of miklar afskriftir af skuldbindingum sínum hjá bönkunum. Rökin voru þau að skuldaaðlögun gæti skekkt samkeppnisstöðuna.

Samkeppniseftirlitið var hins vegar á öðru máli. „Við töldum ekki að það ætti að beita samkeppnislögum á þann hátt. Þvert á móti er það mikilvægt að taka til. Það er mikilvægt að það eigi sér stað hreinsun svo fyrirtæki eigi sér lífsvon og að hjól atvinnulífsins fari að snúast aftur. En það er engum til góða að fyrirtæki séu rekin án þess að þau eigi sér rekstrarforsendur,“ segir Páll Gunnar og áréttar mikilvægi þess að hlusta á sjónarmið neytenda ekki síður en eigenda fyrirtækja á samkeppnismarkaði.

„Samkeppniseftirlitið á að stuðla að samkeppni á markaði og vernda hagsmuni neytenda umfram hag einstakra fyrirtækja. Það er leiðarstef í okkar starfi. Fyrirtæki koma og fara. Það er ekki hlutverk Samkeppniseftirlitsins að halda í höndina á þeim öllum og passa að ekkert komi fyrir. Með aðgerðum okkar verðum við hins vegar oft fyrirtækjum að liði, ekki síst smærri fyrirtækjum sem eru að hefja samkeppni eða reyna að vaxa við hlið stærri fyrirtækja,“ segir Páll Gunnar.




# 40 prósent fyrirtækja til nýrra eigenda

Í byrjun febrúar á síðasta ári birti Fréttablaðið gróft yfirlit yfir eignarhald á 45 stærstu fyrirtækjum landsins í úttekt í Markaðnum.

Á þeim þrettán mánuðum sem liðnir eru frá því úttektin birtist hafa átján þeirra ýmist skipt um hendur eða eru á mismunandi stigum söluferlis. Þetta jafngildir því að slétt fjörutíu prósent fyrirtækja hafi skipt um hendur.

Á meðal fyrirtækjanna átján eru sex sparisjóðir sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu og hefur Bankasýsla ríkisins eignast misstóran eignarhlut í sumum þeirra. Þá eru á meðal fyrirtækjanna tryggingafélagið Sjóvá, sem unnið er að því að selja til fagfjárfestasjóðs á vegum Stefnis, dótturfélags Arion banka, og Hagar, sem hópur fjárfesta samdi á dögunum um að kaupa rúman þriðjungshlut í. Þá hefur sjóður Auðar Capital keypt fjarskiptafyrirtækið Tal og lífeyrissjóðirnir eignast beint og óbeint meirihluta í Icelandair Group.

Á þeim þrettán mánuðum sem liðnir eru frá því úttektin birtist hafa átján fyrirtækjanna ýmist skipt um hendur eða eru á mismunandi stigum söluferlis. Þetta jafngildir því að eigendaskipti eigi sér stað hjá um fjörutíu prósentum fyrirtækjanna.

# Málin undir eftirliti

Frá hruni hefur Samkeppniseftirlitið haft til umfjöllunar allmörg mál er varða yfirtökur banka á atvinnufyrirtækjum. Það hefur tekið 21 ákvörðun um mál þar sem ítarleg skilyrði hafa verið sett fyrir yfirtökum banka og Framtakssjóðsins (FSÍ) á atvinnufyrirtækjum. Þar undir eru jafnframt yfirtökur skilanefnda gömlu bankanna á þeim nýju. Tæplega tíu sambærileg mál eru nú til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Af þessari 21 ákvörðun eru fimmtán undir virku eftirliti og bönkunum sett ákveðin skilyrði í þeim málum. Í sex tilvikum eru yfirráð viðkomandi banka á atvinnufyrirtæki ekki lengur til staðar. Þar á meðal eru yfirtökur Landsbankans (NBI) á þremur fyrirtækjum sem fóru yfir til Framtakssjóðsins síðastliðið haust.

**ÁKVARÐANIR UNDIR VIRKU EFTIRLITI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS***

| Fjöldi | Ákvörðun |
|---|---|
| 1. | Samruni Íslandsbanka (ÍSB) og Icelandair Group (ákv. nr. 33/2009) |
| 2. | Yfirtaka Glitnis banka á Íslandsbanka (ákv. nr. 48/2009) |
| 3. | Samruni Kaupþings banka og Arion banka (ákv. nr. 49/2009) |
| 4. | Yfirtaka Arion banka á Högum (1998 ehf.) (ákv. nr. 6/2010) |
| 5. | Yfirtaka Íslandsbanka á B&L og Ingvari Helgasyni (ákv. nr. 8/2010) |
| 6. | Yfirtaka Arion, NBI, ÍSB, Haf funding og Glitnis á Reitum fasteignafélagi (áður Landic Properties) (ákv. nr. 15/2010) |
| 7. | Yfirtaka Regins á Fasteignafélagi Íslands (ákv. nr. 19/2010) |
| 8. | Yfirtaka Arion banka á Þyrpingu (ákv. nr. 21/2010) |
| 9. | Yfirtaka Íslandsbanka á Eik Properties (ákv. nr. 22/2010) |
| 10. | Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá (ákv. nr. 31/2010) |
| 11. | Yfirtaka Byrs sparisjóðs á Byr hf. (ákv. nr. 36/2010) |
| 12. | Kaup Framtakssjóðs Íslands á Eignarhaldsfélaginu Vestia (ákv. nr. 1/2011) |
| 13. | Yfirtaka NBI á Björgun (5/2011) |
| 14. | Yfirtaka Arion banka á eignum þrotabús Sigurplasts (ákv. nr. 7/2011) |
| 15. | Yfirtaka Íslandsbanka og Glitnis á Bláfugli (ákv. nr. 8/2011) |

* 14. mars 2011

# Eigendur fyrirtækja bíða betri tíðar

## Forstjóri Auðar Capital vill að bankarnir hraði því að koma fyrirtækjum í hendur einkaaðilum.

„Almennt held ég að bankarnir vilji ekki eignast hlut í fyrirtækjum og þeir eru ekki góðir eigendur, að mínu mati,“ segir Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital. Hún hefur gagnrýnt eignarhald banka í fyrirtækjum í fjárhagsvanda eftir efnahagshrunið og vill hraða fjárhagslegri endurskipulagningu og aðkomu fjárfesta að þeim.

Kristín telur eignarhald banka á fyrirtækjum í rekstri geta skekkt samkeppnisstöðu atvinnulífsins. „Ég tel að bankarnir séu að reyna að vinna eins hratt og vel og mögulegt er úr flóknum málum. En það gengur því miður allt of hægt. Það stendur kannski ekki bara á bönkunum að hraða fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Óvissa er um lögmæti gengistryggðra lána fyrirtækja og eigendur þeirra fyrirtækja sem eigi við vanda að etja eru ekki endilega að ýta á lausn. Sumir eigendur fyrirtækja í vanda vilja ekki semja um skuldir sínar núna þar sem þeir vonast til að geta fengið hagstæðari lausn mála sinna en núverandi úrræði bjóða upp á,“ segir hún.



**KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR** Eigendur fyrirtækja í vanda eygja von um að þau fái hagstæðari úrlausn mála sinna en núverandi úrræði bjóða upp á ef gengisdómar falla þeim í vil, að sögn forstjóra Auðar Capital. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

Kárastígur 8 - tvær fallegar íbúðir




Um er að ræða tvær mjög fallegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í vel uppgerðu timburhúsi í rólegri götu í miðbæ Reykjavíkur. Önnur íbúðin er 3ja herbergja 85 fm íbúð að stærð, hæð og ris. Hin íbúðin er 2ja herbergja 52,5 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðirnar eru mjög fallegar og vel innréttaðar. Íbúðirnar seljast saman eða í sitthvoru lagi.

**OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17.00 - 18.00**

**V. 29,0 m. (hæð og ris) V. 17,5 (1. hæð)** 6501

# Hafa skattar hækkað eða lækkað?

ORÐ Í BELG

Finnur Oddsson
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Í Markaði Fréttablaðsins miðvikudaginn 16. febrúar skrifaði Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi aðstoðarmaður og núverandi ráðgjafi fjármálaráðherra í skattamálum, pistil undir yfirskriftinni Furðuskrif Viðskiptaráðs um skatta. Þar vísar hann til greinar undirritaðs í sama blaði frá 2. febrúar og vekur það helst furðu Indriða að því sé haldið fram að skattar hafi hækkað á Íslandi síðustu misseri. Það er reyndar ekki óalgeng fullyrðing þessi dægrin og eftirtektarvert að hún sé yfirleitt umdeild.

Viðskiptaráð er ávallt reiðubúið í málefnalega umræðu um störf þess og málefni atvinnulífsins en undir slíka umræðu fellur aðeins hluti af grein Indriða. Í stað þess að fjalla eingöngu um málefnið, sem er hinar „meintu skattahækkanir“ eins og það er orðað, er lagst í dylgjur sem lítill sómi er að. Við þeim er ástæðulaust að bregðast sérstaklega. Hér verður því aðeins fjallað um þá spurningu hvort skattar hafi hækkað eða lækkað á síðustu misserum, en í grein Indriða er því haldið fram að þar sem skatttekjur hafi dregist saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafi skattar lækkað. Það er rétt að skatttekjur hafa dregist saman en rangt að í því felist skattalækkun í þeim skilningi orðsins sem skiptir íslensk heimili og fyrirtæki raunverulegu máli.


Furðuskrif Viðskiptaráðs um skatta

GREIN INDRIÐA
Indriði Þorláksson svaraði Finni Oddssyni sem aftur svara Indriða.

**MINNI SKATTHEIMTA EN HÆRRI SKATTAR**

Óumdeilt er að skattheimta, þ.e. skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu, hafa dregist saman síðustu ár. Sérstaklega var tekið fram í áðurnefndri grein undirritaðs að frá 2007 til 2008 hefði „þetta hlutfall lækkað mest á Íslandi af ríkjum OECD, úr tæplega 41% í 36%“ og það hefði lækkað enn frekar frá þeim tíma. Skattheimta ríkis og sveitarfélaga er þó óðum að aukast ef marka má nýlega úttekt OECD, sem telur að í ár verði skattheimta nálægt því sem var 2008 og aðeins 1,2% undir meðaltali áranna 2000-2007.

Þrátt fyrir minni skattheimtu hafa flestir skattar engu að síður hækkað. Þess má sjá merki víða. Í úttekt starfshóps fjármálaráðherra, sem Indriði starfaði sjálfur með, er m.a. að finna 11 atriða „skattamatseðil“ með átta tillögum að hækkunum sem flestar komu til framkvæmda um síðustu áramót. Í fjárlagafrumvarpi þessa árs kemur síðan skýrt fram að grípa hafi þurft til „enn frekari skattahækkana í fjárlögum ársins 2010“ en gert var 2009. Þá er á ríflega 100 stöðum í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem samþykkt var um áramótin, rætt um skatta- og gjaldahækkanir.

> **„Þrátt fyrir minni skattheimtu hafa flestir skattar engu að síður hækkað. Þess má sjá merki víða. Í úttekt starfshóps fjármálaráðherra, sem Indriði starfaði sjálfur með, er m.a. að finna 11 atriða „skattamatseðil“ með 8 tillögum að hækkunum sem flestar komu til framkvæmda um síðustu áramót.“**

Að auki finna allir þeir sem reka íslensk heimili og fyrirtæki vel fyrir skattahækkunum, til að mynda þegar þeir kaupa eldsneyti, greiða laun og tryggingargjald eða vegna minni ráðstöfunartekna vegna hærri tekjuskattsprósentu, svo fátt eitt sé nefnt. Fyrir þeim er fullyrðing um að hér hafi skattar lækkað eflaust nokkuð fjarstæðukennd.

Úr því að erfitt er að nálgast á einum stað heildstæðar upplýsingar um skattkerfisbreytingar hjá opinberum aðilum tók Viðskiptaráð saman yfirlit yfir breytingar á helstu sköttum frá árinu 2007. Þar kemur skýrt fram að skattprósentur og krónutöluálögur hafa nánast undantekningalaust hækkað. Þessa samantekt notaði undirritaður í grein þeirri sem Indriði furðar sig á en að hans mati hafa „skatthlutföll ekki hækkað“, sé vefútgáfa pistils hans lesin. Erfitt er að skilja hvernig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu.

**SKATTKERFISBREYTINGAR HAFA ÁHRIF ...**

Það dylst því fáum að skattprósentur og álögur hafa hækkað á Íslandi, enda eitt meginstef núverandi ríkisstjórnar. Það hvort skattheimta hins opinbera hafi aukist sem hlutfall af landsframleiðslu er svo annað mál enda ljóst að skattahækkanir skila sér ekki endilega í auknum skatttekjum og geta jafnvel lækkað þær, t.d. vegna neikvæðra áhrifa á umsvif og veltu í hagkerfinu. Pistill Indriða rennir ágætum stoðum undir það. Þegar auknar álögur leiða til samdráttar í sölu og tekjur skila sér ekki í ríkissjóð, þá telst það tæpast til skattalækkunar í hefðbundnum skilningi þessa orðs.

Í umfjöllun af þessu tagi má heldur ekki gleyma gerbreyttri stöðu hagkerfisins eftir bankahrun. Um 10.000 fleiri einstaklingar eru nú atvinnulausir, ríflega 2.000 fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og mörgum til viðbótar hefur verið slitið. Um 7.000 fleiri hafa flutt af landi brott en til landsins. Þetta leiðir vissulega til lægri skattheimtu, þó að skatthlutföll hafi ekkert lækkað. Í pistli Indriða er þessu samhengi snúið á hvolf, að samdráttur skatttekna feli í sér skattalækkun, sem er í besta falli villandi.

**... OG VINNA GEGN ENDURREISN HAGKERFISINS**

Skattkerfi stýra hegðun fólks og fyrirtækja. Í því sambandi er hollt að hugleiða hvað þarf til að hagkerfið nái sér sem hraðast upp úr kreppunni og með hvaða hætti skattkerfið styður við æskileg vinnubrögð.

Í stuttu máli er æskilegt að fólk leggi sig fram í vinnu, sýni framtakssemi og sjálfsbjargarviðleitni, skapi verðmæti og taki hóflega áhættu með því að stofna til atvinnurekstrar og búi öðrum um leið ný og áhugaverð störf. Við viljum að fólk og fyrirtæki haldi neyslu áfram og tekjum „ofanjarðar“, fjárfesti í húsnæði og atvinnutækjum og velji að búa áfram á Íslandi. Að lokum er æskilegt að fyrirtæki haldi fólki áfram í vinnu, ráði í ný störf og velji Ísland áfram fyrir uppbyggingu starfsemi og sem skattalega lögsögu.

Vandinn sem nú blasir við er að hvatarnir sem breytt íslenskt skattkerfi býr fólki og fyrirtækjum eru orðnir verulega óheilbrigðir uppbyggingu og endurreisn hagkerfisins og vinna gegn öllu ofangreindu. Hærri jaðarskattar á tekjur einstaklinga og stórauknar álögur á fyrirtæki vinna gegn framtakssemi, fjárfestingu og þátttöku í atvinnurekstri. Á þessu öllu er þó mikil þörf til að koma hagkerfinu úr þeirri kreppu sem nú ríkir.

**RAUNVERULEIKINN SKIPTIR MESTU**

Sannleikanum verður hver sárreiðastur, sem kann að skýra viðbrögð Indriða í áðurnefndum pistli. Skattar hafa hækkað í þeim skilningi sem skiptir fjölskyldur og fyrirtæki raunverulegu máli. Það finna allir á eigin skinni og er vissulega áhyggjuefni. Meira áhyggjuefni er þó að þeir sem mestan þátt eiga í endurhönnun skattkerfisins, þar á meðal núverandi ráðgjafi fjármálaráðherra í skattamálum, skuli vera svo lítt tengdir raunveruleika heimila og fyrirtækja að þeir skilja ekki áhrif skattabreytinga á starfsemi þeirra og á umsvif í hagkerfinu og telja að skattar á Íslandi hafi lækkað.

**VIÐAMIKLAR BREYTINGAR Á SKATTKERFINU**

*Á vefsíðu Viðskiptaráðs má sjá helstu breytingarnar á skattkerfinu á árabilinu 2007 til 2011.*

*http://www.vi.is/files/Breytingar%20%C3%A1%20skattkerfinu%202007-2011_1988050131.pdf*




## Upplýsingatækni frá öllum hliðum – tækifæri, þróun og tækninýjungar

FÖSTUDAGINN 18. MARS:
**Fagráðstefna á Hilton Reykjavík Nordica kl. 8:30 – 12:30**
- Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir UT verðlaun Ský
- Gestafyrirlesari er Mark Raskino frá Gartner

FIMM FYRIRLESTRARLÍNUR, 25 ÁHUGAVERÐIR FYRIRLESTRAR:
- Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu á **www.utmessan.is**

LAUGARDAGINN 19. MARS:
**UT messa fyrir alla fjölskylduna í húsnæði HR í Öskjuhlíð kl. 11 – 16**
- Ókeypis dagskrá, sniðin að allri fjölskyldunni
- Öll helstu UT fyrirtæki landsins verða á sýningarsvæðinu ásamt fleirum
- Leikir, tölvuleikjakeppni, skemmtiatriði, barnahorn og léttar veitingar
- HÍ og HR kynna námsframboð í upplýsingatækni

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á www.utmessan.is

ský Skýrslutæknifélag Íslands · Microsoft · ÁR NÝSKÖPUNAR

PORT hönnun

# ÞÚ2.0

## NÝ OG BETRI ÚTGÁFA AF ÞÉR

Á hverju ári verja fyrirtæki og einstaklingar háum fjárhæðum í að uppfæra tölvubúnað til að halda í við tæknina. Það þykir sjálfsagt. Sú hugsun að við þurfum að uppfæra okkur sjálf er ef til vill svolítið framandi í augum margra. Það er hins vegar mikilvægt að fólk og fyrirtæki fjárfesti í eigin hæfileikum og þrói þá áfram.

77%

ÞÚ2.0

**Við hjá Dale Carnegie höfum áratuga reynslu af því að hjálpa fólki að verða betra í því sem það gerir. Við höfum að bjóða fjölmarga hugbúnaðarpakka og viðbætur sem ná fram þínum bestu eiginleikum og auka kunnáttu þína í takt við tímann.**

### STJÓRNUN VIÐSKIPTATENGSLA

// ÁVINNINGUR:
- Þarfagreining viðskiptavina
- Þekkja innkaupatilhneigingu
- Koma auga á sölutækifæri
- Spyrja réttu spurninganna
- Árangursrík fundarstjórnun
- Fagleg kynningatækni
- Tímastjórnun

//HEFST: **30. mars**
Sex skipti, 4 tímar í senn.

// VERÐ **105.000 kr.**



### SÖLUSTJÓRAÞJÁLFUN

// ÁVINNINGUR:
- Stjórnun sölufunda
- Hvatning
- Markþjálfun sölufólks
- Væntingastjórnun
- Ráðningar sölufólks
- Árangursstjórnun
- Byggja upp frumkvæði

//HEFST: **7. apríl**
Þrjú skipti, 4 tímar í senn.

// VERÐ **75.000 kr.**



### ÁRANGURSRÍK SALA

// ÁVINNINGUR:
- Ná fundum með lykilfólki
- Fagleg framkoma
- Aukinn trúverðugleiki
- Spyrja réttu spurninganna
- Ná fram skuldbindingu
- Stækka tengslanetið
- Skapa ný sölutækifæri

//HEFST: **27. apríl**
Fjögur skipti, 8 tímar í senn.

// VERÐ **144.000 kr.**



### 3JA DAGA DALE CARNEGIE

// ÁVINNINGUR:
- Nýta eldmóðinn sem býr í þér
- Byggja upp traust samböndd
- Takast á við flóknar áskoranir
- Tjá sig á skýran hátt
- Takast á við streitu
- Taka virkan þátt í umræðum
- Markmiðasetning

//HEFST: **8. apríl**
Þrjú skipti, 8 tímar í senn.

// VERÐ **117.000 kr.**



### ÞJÁLFUN FYRIR ÞJÁLFARA

// ÁVINNINGUR:
- Vekja áhuga þátttakenda
- Miðla flóknum upplýsingum
- Markþjálfun
- Hvetja til aðgerða
- Gera kynningar skemmtilegar
- Stjórna fyrirtækjakynningum
- Hvetja til umræðna

//HEFST: **7. apríl**
Fimm skipti, 4 tímar í senn.

// VERÐ **95.500 kr.**



### ÁHRIFARÍKAR KYNNINGAR

// ÁVINNINGUR:
- Jákvæð áhrif við fyrstu kynni
- Sannfærandi kynningar
- Undirbúningur kynninga
- Leiða „spurningar og svör"
- Koma líflega fram
- Eigna sér óþekkt efni
- Koma faglega fram

//HEFST: **7. og 8. apríl**
Tvö skipti, 8 tímar í senn.

// VERÐ **125.000 kr.**



### SÖLUKYNNINGAR

// ÁVINNINGUR:
- Nota afl sönnunargagna
- Svara óþægilegum spurningum
- Hafa stjórn á aðstæðum
- Þróa samkeppnisgreiningar
- Kraftmeiri framkoma
- Meta áheyrendur
- Öflugt skipulag kynninga

//HEFST: **5. maí**
Eitt skipti, 8 tímar í senn.

// VERÐ **49.000 kr.**



### SALA ER ÞJÓNUSTA

// ÁVINNINGUR:
- Byggja upp traust samband
- Hafa stjórn á eigin viðhorfi
- Nota ferli í þjónustu
- Beita krosssöluferli
- Veita aukið virði
- Fækka kvörtunum
- Selja meira

//HEFST: **3. maí**
Fjögur skipti, 2 tímar í senn.

// VERÐ **39.000 kr.**



### SAMNINGATÆKNI

// ÁVINNINGUR:
- Meta eigin samningatækni
- Kortleggja viðsemjendur
- Greina markmið beggja
- Mæta samningatækni annarra
- Forðast algeng mistök
- Semja um fleira en verð
- Ná betri samningum

//HEFST: **13. apríl**
Eitt skipti, 8 tímar í senn.

// VERÐ **59.000 kr.**



//VINNUSTOFA 17. MARS:

## STREITUSTJÓRNUN // AÐGANGUR ÓKEYPIS

Samkvæmt rannsókn John Medina er kostnaður bandarískra fyrirtækja vegna streitu 200–300 milljarðar dollara. Með því að takast á við streituna getum við beint orkunni að því að koma hlutum í verk.

**Við bjóðum stjórnendur fyrirtækja velkomna á vinnustofuna „Streitustjórnun" í Ármúla 11, frá kl. 8.30 til 10.00, fimmtudaginn 17. mars.**

SKRÁNING Í SÍMA 555 7080.

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN

Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 ı Fax 555 7081
www.dale.is

BANKAHÓLFIÐ

## Draumadjobbið

Andrés Jónsson, formaður Almannatengslafélags Íslands, er með bók í smíðum sem stefnt er á að komi út í vor. Bókin, sem verður rúmar 100 síður í kilju, ber vinnuheitið Draumadjobbið og fjallar á séríslenskan hátt um hvernig finna eigi nýja og spennandi vinnu og halda henni. Komið er inn á mun fleiri þætti, svo sem hvernig eigi að gera atvinnuumsókn sem virkar og sækja um vinnu sem ekki er auglýst. Bókina skrifar Andrés með Sverri Sigursveinssyni. Höfundarnir byggja á eigin reynslu; Andrés missti vinnuna hjá B&L sumarið 2008 og Sverrir starf sitt hjá Glitni í bankahruninu. Andrés stýrir nú fyrirtækinu Góðum samskiptum en Sverrir fékk vinnu hjá skilanefnd Glitnis eftir mikla þrautagöngu.



## Endurbættur Bang & Olufsen

Þeir sem átt hafa leið um Síðumúlann hafa tekið eftir því að raftækjaverslun Bang & Olufsen er lokuð og búið að loka fyrir glugga hennar. Forsvarsmenn verslunarinnar segja henni hafa verið lokað á mánudag fyrir viku og ákveðið hafi verið að taka hana í gegn að innanverðu áður en nýjar vörur yrðu teknar upp úr kössunum. Nú sé verið að mála og laga til. Stefnt er að því að opna dyr Bang & Olufsen að nýju um næstu mánaðamót.



## Írska umhverfisslysið

Gylfi Magnússon, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, nú dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hélt í síðustu viku áhugavert erindi um muninn á efnahagshruninu hér og á Írlandi. Gylfi benti á að helsti munurinn á kreppunum hér og þar væri sá að gífurleg þensla hefði verið í írskum fasteignamarkaði, mörgum sinnum meiri en hér, og hefði byggingageirinn farið lengra fram úr sér en nokkru sinni hér. Eftir fallið á Írlandi væri gríðarlegt magn af ýmist tilbúnu eða hálfkláruðu húsnæði um allar koppagrundir. „Þetta er svo mikið magn að þetta er eiginlega ekki bara efnahagsvandamál heldur einnig umhverfisvandamál," sagði ráðherrann fyrrverandi og bætti við að fyrirsjáanlegt væri að mikið af þessu yrði aldrei nýtt heldur rifið eða látið standa autt.



**64** milljónir voru meðalmánaðartekjur skilanefndar- og slitastjórnarmanna Landsbankans í fyrra.

**1** starfsmaður, lausráðinn, hefur verið rekinn í kjölfar yfirtöku Landsbankans á SpKef.

**300** milljóna hagnaður varð á rekstri Mjólkursamsölunnar í fyrra.


# AÐ NÝTA ORKUNA HEIMA EÐA FLYTJA HANA ÚT







**Samtök álframleiðenda efna til morgunverðarfundar fimmtudaginn 17. mars um hagræn áhrif áliðnaðar hér á landi. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica og hefst kl. 8.30. Sérstakur gestafyrirlesari verður Jean Matuszewski, forstjóri kanadíska fyrirtækisins EB Data.**

EB Data hefur sérhæft sig í hagrannsóknum og hefur unnið fjölmargar hagrænar úttektir fyrir kanadísk stjórnvöld, m.a. á sviði orkufreks iðnaðar, kvikmyndagerðar og hátækniiðnaðar. Þá hefur fyrirtækið gert tvær ítarlegar rannsóknir á hagrænum áhrifum áliðnaðar í Kanada fyrir samtök kanadískra álframleiðenda.

Jean Matuszewski mun í fyrirlestri sínum fara yfir helstu niðurstöður rannsóknanna og ræða áhrif áliðnaðar á fjárfestingar og utanríkisviðskipti í Kanada og á kanadíska hagkerfið almennt. Hann mun einnig bera hagræn áhrif greinarinnar saman við þann möguleika að flytja raforkuna beint út til Bandaríkjanna þar sem markaðsverð raforku er hærra.

Að loknum fyrirlestrinum mun Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi, fara yfir íslenskan áliðnað og áhrif hans á helstu hagstærðir hér á landi, en mikil breyting hefur orðið á umfangi áliðnaðar hér á landi á síðasta áratug.

Á fundinum verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl 8.15.

**Skráning fer fram á netfanginu samal@samal.is**

samál
SAMTÖK ÁLFRAMLEIÐENDA

Samál • Sími: 571 5300 • Fax: 571 5301 • www.samal.is





SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A113
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A203
32 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 69.900,-



SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A303
40 vöruflokkar
Allt að 1800 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Tveggja línu skjár
Mjög auðveld í forritun
Kr. 69.900,-

SHARP SJÓÐVÉLAR
OG ÞÚ ERT Í GÓÐUM MÁLUM
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Umboðsmenn um land allt · www.ormsson.is



**NEMENDUR MEÐ KYNNINGU** Fjölbreytt skemmtidagskrá verður í kvöld í Faktorý á Smiðjustíg á vegum nemenda í íslensku við Háskóla Íslands.

# Örfyrirlestrar í kvöld

Nemendur á Hugvísindasviði Háskóla Íslands efna til samkomu í kvöld í Faktorý á Smiðjustíg. Nemendafélög innan sviðsins eru fjögur talsins og eru með dagskrá öll miðvikudagskvöld í marsmánuði.

Tilefnið er 100 ára afmæli Háskólans og er tilgangurinn að kynna almenningi starfsemi nemendafélaganna.

Dagskráin í kvöld er í höndum nemenda í íslensku og meðal dagskrárliða eru örfyrirlestrar um riddarasögur, Íslendingasögur og nútímabókmenntir. Þá verður efnt til íslenskutengds pöbbkviss. Dagskráin hefst klukkan 20.00 **- jma**

# Geðdeildir LSH fá bóka- og myndagjöf

Notandi geðheilbrigðisþjónustunnar tók sig til á dögunum og safnaði saman bókum og DVD-diskum frá helstu útgefendum landsins og afhenti Páli Matthíassyni, framkvæmdastjóra geðsviðs Landspítala. Notandanum blöskraði bókakosturinn á legudeildum geðdeildar Landspítalans og ákvað að taka til sinna ráða. Hann gekk á milli útgefenda, sem tóku honum allir vel.

Páll segir gjöfina höfðinglega og munu koma að góðum notum. „Fólk er almennt ánægt með þjónustu geðsviðs en hefur samt endurtekið kvartað undan skorti á verkefnum og einhverju við að vera þegar það þarf að liggja inni. Við erum með starfsmann sem vinnur að því að efla virkni sjúklinga ásamt sérstökum músíkþerapista en það er rétt að bóka- og bíómyndakosturinn á deildunum hefur ekki verið endurnýjaður í lengri tíma,“ segir Páll. Hann segir um að ræða glænýjar bækur og bíómyndir sem verði dreift á fjórar legudeildir. Þarna eru veglegar bækur ásamt spennusögum, ástarsögum, prjónabókum, matreiðslubókum, myndlistarbókum, heimspekibókum og úrvali bíómynda en verðmæti gjafanna er á bilinu tvö til tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur. Páll er þakklátur notandanum og segir það staðreynd að geðdeildirnar þurfi að reiða sig á gjafir og styrktarfé til að geta gert endurbætur. „Það er búið að skera svo mikið niður hjá okkur að við höfum ekkert aflögu. Í fyrra stóðum við starfsfólkið fyrir sölu brospinna en féð sem safnaðist notuðum við til að endurnýja húsbúnað og gluggatjöld og ætlum við að setja af stað sams konar söfnun í kringum geðheilbrigðisdaginn í ár.“

Útgefendurnir sem lögðu notandanum lið við söfnunina eru Forlagið, Bókaútgáfan Salka, Hið íslenska bókmenntafélag, Bókaforlagið Bjartur, Edda útgáfa og bókaútgáfan Opna. Sambíóin og Sena gáfu DVD-diskana. **- ve**



**HÖFÐINGLEGT** Páll segir bækurnar og DVD-myndirnar eiga eftir að koma þeim sem leggjast inn á geðdeildir LSP að góðum notum.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sólveig Gunnarsdóttir**

áður til heimilis Álftamýri 15, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 10. mars. Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 13.00.

**Ása Kristín Jóhannsdóttir**
**Jón Jóhannsson** **Ólafía Sveinsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson**
**Laufey Jóhannsdóttir** **Valdimar Ingi Gunnarsson**
**Kolbrún Jóhannsdóttir** **Guðmundur Kolbeinsson**
**Jóhann Svavar Jóhannsson** **Bryndís Halldórsdóttir**
**Sesselía Áslaug Jóhannsdóttir** **Jakob Heimir Óðinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**María Helgu Guðmundsdóttur**

frá Flatey á Skjálfanda.

Sérstakar þakkir færum við séra Svanhildi Blöndal og starfsfólki H-2 Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða aðhlynningu og alúð.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

---



*Okkar ástkæri*

**Ragnar Georgsson**

skólastjóri og forstöðumaður Skólaskrifstofu Reykjavíkur,

lést á Landakoti þann 10. mars sl. Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Rannveig Magnúsdóttir**
**Steinunn Birna Ragnarsdóttir** **Hans Gústafsson**
**Brynhildur Björnsdóttir** **Helgi Gunnarsson**
**Ragnar Logi, Arent Orri, Steinunn Thalia og Gerður Tinna**

---



*Bróðir okkar,*

**Halldór Björnsson**

Hátúni 10b,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 7. mars síðastliðinn.
Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Systkini hins látna.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Karen María Einarsdóttir**

Tjarnarbóli 17, Seltjarnarnesi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar að Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Kristskirkju, Landakoti, föstudaginn 18. mars kl. 13.

**Ingibjörg St. Sigurðardóttir** **Jóhann Sigurðsson**
**Sigurður K. Sigurðsson** **Hallfríður G. Blöndal**
**Dagný M. Sigurðardóttir** **Jón Garðar Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskuleg systir mín, mágkona og frænka okkar,*

**Gully Evelyn Pétursson**

andaðist þann 1. mars sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Pétursson** **Stella Ingimarsdóttir**
**Guðlaug Pálsdóttir**
**og bræðradætur**

---



*Yndisleg móðir, amma og tengdamóðir,*

**Skarpheiður Gunnlaugsdóttir**

Akranesi,

er látin. Kveðjuathöfn verður í Akraneskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13. Útför fer fram frá Melstaðarkirkju laugardaginn 19. mars kl. 14.

**Soffía G. Þórðardóttir**
**Anna Guðnadóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Föðursystir okkar,*

**Sigríður Klemenzdóttir**

áður Leifsgötu 18,

er látin. Útförin fer fram í Neskirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Sóltún (590-6000).

**Rúna Bína, Anna Ingibjörg, Unnur, Jakobína, Jóhanna og Sigríður Sigtryggsdætur.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús J. Stefánsson**

frá Akureyri, ketil- og plötusmiður, síðast til heimilis að Grænlandsleið 44, Reykjavík,

lést mánudaginn 14. mars. Útförin verður gerð frá Seljakirkju mánudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Guðbjörg Reynisdóttir**
**Ólöf Magnúsdóttir** **Sigurður Malmquist**
**Reynir Magnússon** **Ingibjörg Halldórsdóttir**
**Stefán Á. Magnússon** **Hrefna B. Jónsdóttir**
**Halldóra Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# Rokka

## ný hannyrðadeild í Fjarðarkaupum




**Knit Pro**
**9.500,kr.**




**Navia Passion**
**395,kr./stk.**




**Knit Pro Spectra**
**5.900,kr.**




**Navia Uno**
**545,kr./stk.**

**Navia Duo**
**495,kr./stk.**




**Navia Trio**
**495,kr./stk.**




**50%**
**afsláttur**
**af öllum TINNU-blöðum**



**Rauma Babygarn**
**495,kr./stk.**




**30%**
**afsláttur**
**af öllum LOPA-blöðum**



**Taska fyrir prjónadót**
**6.665,kr.**




**Léttlopi**
**198,kr./stk.**

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

**Opnunartilboð á meðan birgðir endast**
**gilda til laugardagsins 19. mars**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is

FK FJARÐARKAUP

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** klafi, **8.** heldur brott, **9.** garðshorn, **11.** golf áhald, **12.** slappi, **14.** yfirstéttar, **16.** einnig, **17.** áþekk, **18.** missir, **20.** hljóta, **21.** heimsálfa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum, **3.** ógrynni, **4.** nennuleysi, **5.** orlof, 7. eldsneyti, **10.** saur, **13.** óvild, **15.** tafl, **16.** pota, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** ok, **8.** fer, **9.** kot, **11.** tí, **12.** slaki, **14.** aðals, **16.** og, **17.** lík, **18.** tap, **20.** fá, **21.** asía.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** of, **4.** letilíf, **5.** frí, **7.** kolagas, **10.** tað, **13.** kal, **15.** skák, **16.** ota, **19.** pí.


**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi og breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

**Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur**

## Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur . Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir nemendaíbúðum á miðsvæði (M5) við Háskóla Íslands. Heimildir um heildarbyggingarmagn á svæðinu verða óbreyttar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, lóð Vísindagarða. Reiturinn afmarkast af Eggertsgötu, Oddagötu og Sturlugötu.
Í tillögunni er gert ráð fyrir byggingu Vísindagarða og byggingum fyrir Háskóla Íslands á 3-4 hæðum þar sem fjórða hæðin er inndregin. Einnig er gert ráð fyrir húsum undir stúdentagarða meðfram Oddagötu á tveimur og hálfri hæð og fjórum hæðum að Sæmundargötu.
Áður auglýst tillaga hefur verið felld niður og er hagsmunaaðilum bent á að eldri innsendar athugasemdir hafa fallið úr gildi. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillöguna og senda athugasemdir og ábendingar til skipulagsstjóra Reykjavíkur.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **16. mars 2011 til og með 2. maí 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 2. maí 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 16. mars 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


# Vel flutt

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Stundum er sagt að stjórnmál séu list hins mögulega. Að sama skapi eru flutningar list hins flytjanlega. Hryggjarstykkið í flutningum er vitaskuld flutningsteymið. Mundu að sama hversu stóra hönk þú átt upp í bakið á vinum þínum munu þeir ósjálfrátt leiða hugann að því hvort þeir geti komið sér undan þessari kvöð. Þetta er ekki mælikvarði á trúfestu þeirra; að flytja búslóð er einfaldlega eitt það leiðinlegasta sem mannskepnan tekur sér fyrir hendur og það er eðlilegt að vilja komast undan því. Nokkrar leiðir eru þó til að sporna við þessu.

**LEITAÐU** liðsinnis með góðum fyrirvara, þó ekki of miklum. Þú vilt ekki að fólk noti lítinn fyrirvara sem afsökun fyrir að komast ekki. Á hinn bóginn má fyrirvarinn ekki vera svo mikill að sá sem hringt er í geti fundið afsökun fyrir forföllum í skjóli þess að þú hafir enn nægan tíma til að finna staðgengil.

**EKKI** byrja á að spyrja hjálparhelluna lokaðra spurninga um hvort hún geti veitt liðveislu á tilteknum degi. Það gefur henni færi á að fara undan í flæmingi. Byrjaðu á opinni spurningu til að útiloka að viðkomandi sé upptekinn, til dæmis „ertu að gera eitthvað sérstakt á laugardaginn?“ Þegar hjálparhellan svarar neitandi læturðu vaða.

**AF** liðléttingum má hvorki vera of né van. Ef flutningsteymið er of fjölmennt er hætt við að sumir freistist til að fara snemma og fyrr en varir er enginn eftir. Það þarf að muna um hverja hönd; rannsóknir sýna að fólk lætur sig síður hverfa ef það sér fram á að það myndi setja strik í reikninginn.

**HREINSKILNI** borgar sig ekki. Auðvitað á að skipuleggja flutninga þannig að þeir taki fljótt af. Tiltækum höndum fækkar hins vegar í beinu hlutfalli við hversu hreinskiptinn þú ert varðandi tímaáætlun. Dragðu alltaf um þriðjung af áætluðum flutningstíma. Gerðu lítið úr umfangi búslóðarinnar og haltu til hlés aukaatriðum á borð við að áfangastaðurinn sé á fjórðu hæð í lyftulausri blokk. Ef vinur þinn mætir á annað borð fer hann trauðla fyrr en verkinu er lokið.

**LOFAÐU** veitingum, jafnvel bara til málamynda. Það er enginn að fara að troða sig út af pitsu sem er borin fram í miðjum flutningum og enginn þjórar bjór í miklu magni kófsveittur og örmagna klukkan hálf fimm á laugardegi. Hvort tveggja verður þó að vera til staðar; aðeins rustar snuða um veitingar. Í versta falli siturðu uppi með mat og drykk sem endist þér í nokkra daga. Það gæti verið verra.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# SKYNJUNARSKÓLI Í KLING OG BANG

**Á sýningunni Marglaga í Kling og Bang fjalla myndlistarmenn um skynjun, innsæi og tilfinningar.**

Í galleríinu Kling og Bang hefur mikið verið um að vera undanfarnar vikur. Þar hefur hópur nýútskrifaðra myndlistarmanna tekið yfir; sýning þeirra Marglaga gengur út á að skoða og rannsaka skynjun, innsæi og tilfinningar. Í tengslum við sýninguna hefur verið settur á laggirnar skynjunarskóli.

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, einn aðstandenda sýningarinnar, segir hugmyndina að inntaki sýningarinnar hafa kviknað hjá nemendunum í framhaldi af vangaveltum þeirra um framhaldsnám og skóla. „Við vorum mikið að velta okkur upp úr veruleikanum okkar, námi og skóla og þá hvernig maður vill hafa skóla. Í framhaldinu fórum við að velta fyrir okkur því hvort maður lærði alltaf mest í skólum og hvað fælist eiginlega í því að læra.“

Eftir nokkurra ára vist í Listaháskóla Íslands höfðu Ingibjörg og félagar hennar lært ýmislegt en hún segir að þegar þau fóru að velta fyrir sér hvað var mikilvægast af því sem þau tóku með sér í veganesti úr skólanum hafi þau komist að því að einna dýrmætast væru öll tengslin sem þau mynduðu þar. „Okkur langaði til að búa til vettvang þar sem hin óáþreifanlegu tengsl sem myndast á milli fólks eru efniviðurinn, langaði til að vinna með innsæi og skynjun sem oft þarf að víkja fyrir skynsemi og rökvísi.“

Þannig varð skynjunarskólinn til; Ingibjörg og félagar hennar höfðu samband við myndlistarmenn sem hafa unnið mikið með innsæi og fengu þá í lið með sér til að leiða uppákomur þar sem skynjun og innsæi ráða ferðinni.

Á morgun klukkan 16 fjallar Katrín I. J. H. Hirt um viðhorf listamanna til þess að útskýra listaverk sín og annað kvöld verða myndlistar- og tónlistarmenn með skynjunarleikhús.

„Við erum afar ánægð með viðbrögðin sem við höfum fengið,“ segir Ingibjörg, en auk hennar standa að sýningunni þau Anna Hrund Másdóttir, Lilja Birgisdóttir, Katla Rós, Ragnar Már Nikulásson, Selma Hreggviðsdóttir og Þórgunnur Oddsdóttir.

Sýningin er opin frá 14 til 18 en henni lýkur um helgina.

sigridur@frettabladid.is



**TENGSL** Margar uppákomur hafa verið í skynjunarskólanum á sýningunni Marglaga í Kling og Bang.

# Dulúð á Sinfóníutónleikum

Tónlist ★★★★

**Sinfóníutónleikar í Háskólabíói**

Verk eftir Schnittke og Sjostakóvitsj

Gennadíj Rosdestvenskíj hefur staðið í fremstu víglínu rússneskra tónlistarmanna um árabil. Tónskáld hafa tileinkað honum verk og hann hefur frumflutt nokkrar helstu tónsmíðar 20. aldarinnar. Hann er núna aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er enginn smávegis hvalreki fyrir íslenskt tónlistarlíf.

Rosdestvenskíj stjórnaði tveimur rússneskum verkum á tónleikum Sinfóníunnar á fimmtudagskvöldið. Hið fyrra var fiðlukonsert nr. 4 eftir Alfred Schnittke og þar var sonur stjórnandans, Alexander Rosdestvenskíj, í einleikshlutverkinu.

Schnittke lést fyrir rúmum áratug og tónlist hans er sérkennileg. Hún er oft fremur innhverf og í henni er að finna bergmál margra ólíkra stíla. Allt frá torkennilegustu framúrstefnu yfir í dægurmúsík. Samt er heildarmyndin sterk og sannfærandi, það er einhver stemning, einhver dýpt og andakt sem er svo heillandi – ef maður nennir að einbeita sér að henni.

Schnittke er einn af höfuðsnillingum aldarinnar sem leið, og hann var náinn vinur Rosdestvenskíj-fjölskyldunnar. Að sjá feðgana flytja konsertinn eftir Schnittke var undarleg upplifun. Það var eins og að tónlistarsagan væri að gerast beint fyrir framan mann. Ef hægt er að orða það þannig.

Fiðlukonsertinn er skemmtilega byggður upp, samspil einleikshljóðfæris og hljómsveitar er spennuþrungið og fjölbreytt. Stundum er einleiksröddin ekkert annað en langir tónar, á meðan allt mögulegt á sér stað í hljómsveitinni. Það er meira að segja spilað á sembal! Litirnir sem svo óvanalegar hljóðfærasamsetningar skapa eru magnaðir.



**GENNADÍJ ROSDESTVENSKÍJ**

Þetta var líka frábær túlkun. Alls konar tilvísanir í hina og þessa tónlistarstrauma voru snilldarlega útfærðar, fágaðar og vandlega samsettar. Schnittke var háspekilega sinnaður og það er dulúð í tónlist hans. Hún skilaði sér ákaflega vel í nákvæmum og öguðum, en einnig tilfinningaþrungnum flutningnum.

Gaman var að aukalaginu, sem var polki eftir Schnittke. Þar lék Viktoría Postnikova með á píanó, en hún er mamma Alexanders. Og polkinn var afmælisgjöf Schnittkes til fiðluleikarans!

Hitt stóra verkið á dagskránni var áttunda sinfónía Sjostakóvitsj. Hún er með innhverfustu sinfóníum tónskáldsins og er alls ekki aðgengileg. Það má sjálfsagt lesa alls konar innri upplifanir úr tónmálinu, sem hér er ekki pláss til að útlista. Því voru líka gerð ítarleg skil í tónleikaskránni. Stundum er reyndar gengið svo langt í að útskýra tónlist í tónleikaskrám að það hálfpartinn skemmir upplifunina. En það er önnur saga og efni í sérstaka grein.

Í öllu falli var flutningurinn á sinfóníu Sjostakóvitsj mergjaður. Rosdestvenskíj stjórnaði af yfirvegun, en samt var krafturinn í túlkuninni gífurlegur. Margir hljóðfæraleikararnir áttu flotta spretti, helst mátti finna að örlítið óhreinum tónum frá málmblásurunum. En í það heila var hljómsveitin í banastuði. Ég hlakka til að sjá og heyra Rosdestvenskíj stjórna aftur!

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Glæsilegir tónleikar með stórfenglegum verkum eftir Schnittke og Sjostakóvitsj.

Tékk KRISTALL LAUGAVEGI 178
AFSLÁTTAR DAGAR
Miðvikudag - mánudags
-20%
KAST AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM MATAR & KAFFISTELLUM HNÍFAPÖRUM SÖFNUNARGLÖSUM IITTALA VÖRUM RÚMTEPPUM RÚMFÖTUM RCR KRISTAL HITAFÖTUM O.FL. O.FL.
Erum flutt að Laugavegi 178
(næsta húsi við frægustu bensínstöð landsins)
Tékk KRISTALL LAUGAVEGI 178
Sími: 568 9955 - www.tk.is
Opið: mánud-föstud. 12-18 laugard.12-16 sunnud. LOKAÐ

Þú getur gert kraftaverk
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“
Reglubundinn sparnaður er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. Byrjaðu að spara strax í dag.
Komdu við í næsta útibú, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Halda tónleika fyrir bágstadda

„Þetta er málefni sem snertir okkur öll,“ segir MR-ingurinn Ragnheiður Björk Halldórsdóttir.

Skólarnir MH, MR, MS, Kvennó og Verzló standa fyrir góðgerðartónleikunum SamFram í Hafnarhúsinu í kvöld. Ágóði tónleikanna rennur til Mæðrastyrksnefndar en með framtakinu vilja nemendurnir leggja áherslu á að þeim er ekki sama. „Þeim heimilum sem hefur þurft að sækja sér hjálp til Mæðrastyrksnefndar hefur fjölgað alveg gríðarlega. Fyrir hrun voru að meðaltali 60-80 heimili sem sóttu sér hjálp vikulega, en rétt fyrir jól voru heimilin orðin um 700,“ segir Ragnheiður.

Skólarnir fimm skipa hópinn SamFram og hittast fulltrúar á vegum hans reglulega og bera saman bækur sínar. „Undanfarið höfum við séð slæma umfjöllun um unglinga og við viljum bæta hana. Einu fréttirnar sem við fáum af unglingum eru neikvæðar. Ungt fólk er í ruglinu, áfengismælar á böllum, léleg umgengni um mötuneytin og annað. Þetta er ekkert svona. Við viljum bæta ímynd okkar út á við og okkur er ekkert sama um það hvernig staðan er í dag.“

Tónleikarnir fara fram í Hafnarhúsinu og hefjast þeir klukkan átta, en fram koma Friðrik Dór, Jón Jónsson, Agent Fresco, Who Knew, Original Melody, Orphic Oxtra, Gnúsi Yones og Stebbi og Eyfi. Tónleikarnir verða í beinni útsendingu á slóðinni www.valdiogfreyr.is og geta allir fylgst með en Talsímafélag Valda & Freys er aðalstyrktaraðili tónleikanna. Þeir sem hafa áhuga á að leggja málefninu lið geta hringt í númerið 907-1050 og gefið þar með kr. 500 eða í 907-1000 og gefið kr. 1000. **- ka**



**ÞEIM ER EKKI SAMA** Bræðurnir Friðrik Dór Jónsson og Jón Jónsson leggja málefninu lið og koma báðir fram á góðgerðartónleikunum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Til heiðurs gruggurum

Tónleikar til heiðurs bandarísku gruggsveitinni Stone Temple Pilots verða haldnir á Sódómu Reykjavík á fimmtudag. Lög af flestum plötum sveitarinnar hljóma á tónleikunum. Fram koma Kristófer Jensson, Franz Gunnarsson, Helgi Rúnar Gunnarsson, Þórhallur Stefánsson og Jón Svanur Sveinsson, auk gestasöngvara. Stone Temple Pilots sló í gegn með frumburðinum Core árið 1992. Síðan þá hefur sveitin selt yfir fjörutíu milljónir platna. Hún er enn starfandi og gaf á síðasta ári út nýja plötu. Miðinn á tónleikana á Sódómu kostar 1.000 krónur.



**SCOTT WEILAND** Söngvari bandarísku gruggaranna í Stone Temple Pilots.








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE WAY BACK | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:30 | 16 |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO ísl Tal | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ROMANTICS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6 og 10.10 |

CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| **ROKLAND** | 17:50, 20:00, 22:10 |
| **THE FIGHTER** (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| **KVIKSETTUR** (BURIED) (16) | 20:00, 22:00 |
| **ANNAÐ ÁR** (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, |
| **ÁSTARFUNI** (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:40 |
| **INSIDE JOB** | 22:40 |

**MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!** Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. mars 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur sem skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## DRÝGJUM LAUNIN VERSLUM Í BÓNUS

FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.
**198** KR.450g

BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA

BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
**198** KR.

BÚRFELL GOTT ÁLEGG Á BRAUÐIÐ

BÚRFELLS BRAUÐSKINKA
**298** KR. 250g

BÚRFELLS HANGIÁLEGG
**398** KR. 143g

BÓNUS HRÁSALAT
**159** KR.350g

ROOKEE NÚÐLUR 85g
**35** KR. 85g

BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI
ÞRJÁR FERNUR 250 ml. **159** KR. 3 x 250ml

FLORIDA SAFI 1 ltr.
**195** KR. 1ltr

OTA HAFRAMJÖL 2KG
**698** KR. 2kg

ES HAFRAMJÖL 500g
**75** KR. 500g

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

**598**
KR. PK
BÓNUS **ELDHÚSRÚLLUR** 6x60 BLÖÐ
*360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.*

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

**598**
KR. PK
BÓNUS **WC PAPPIR** 18x200 BLÖÐ
*3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.*

## FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI *FÍNT VERÐ Í BÓNUS*

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**659** KR.KG.

FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
**259** KR.KG.

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1898** KR.KG.

FERSKIR KJÚKLINGABITAR
**498** KR.KG.

## ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT

Góður tilbúinn matur fyrir **3-4**
aðeins **998** kr.bakkinn

*ÞARF AÐEINS AÐ HITA!*

BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



**MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** hjá KR missir af tveimur fyrstu leikjum KR og Keflavíkur í undanúrslitum úrslitakeppni kvennakörfunnar eftir að hún var dæmd í tveggja leikja bann í gær fyrir að slá Maríu Lind Sigurðardóttur, leikmann Hauka.




# HERNÁNDEZ VAR HETJAN

**Manchester United og Evrópumeistarar Inter Milan tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar eftir dramatíska seinni leiki í gærkvöldi. Inter kom til baka eftir að útlitið var orðið mjög svart í München.**

**FÓTBOLTI** Javier Hernández hjá Manchester United og Goran Pandev hjá Inter Milan skutu liðum sínum áfram í Meistaradeildinni í gærkvöldi. Hernández skoraði tvennu í 2-1 sigri United á Marseille og Pandev tryggði Inter 3-2 sigur tveimur mínútum fyrir leikslok eftir að Evrópumeistaranir gátu þakkað að ganga til leikhlés aðeins 1-2 undir.

Manchester United hafði leikið 24 heimaleiki í röð án taps og hafði heldur ekki tapað fyrir frönsku liði á Old Trafford. Það breyttist heldur ekki þótt að United hafði spilað án beggja aðalmiðvarða sinna og misst báða bakverði sína meidda af velli.

Javier Hernández fékk stóra tækifærið hjá Alex Ferguson og var búinn að koma Manchester United í 1-0 eftir fimm mínútur. Markið kom eftir undirbúning Ryans Giggs og sendingu frá Wayne Rooney en Hernández þurfti bara að setja boltann í tómt mark.

Marseille fékk fín færi áður en Hernández bætti við öðru marki á 75. mínútu þegar hann var aftur réttur maður á réttum stað í markteignum og skoraði eftir flotta sendingu frá Ryan Giggs.

Marseille fékk síðan góða hjálp á 82. mínútu þegar Wes Brown varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark eftir hornspyrnu frá Matthieu Valbuena. Þetta voru því taugatrekkjandi lokamínútur fyrir United-menn því Frakkarnir þurftu bara að skora eitt mark. Manchester United liðið hélt hinsvegar út og tryggði sér sigurinn.

Inter Milan komst áfram í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar eftir ótrúlegan 3-2 sigur á Bayern München á Allianz Arena í München í kvöld. Bayern fékk fjölda færa til þess að gulltryggja sigur sinn á Evrópumeisturum en Inter-menn gáfust ekki upp og tryggðu sér 3-2 sigur með því að skora tvisvar í seinni hálfleiknum.

Samuel Eto'o kom Inter í 1-0 eftir aðeins rúmar þrjár mínútur en Bayern svaraði með mörkum frá Mario Gomez og Thomas Müller. Mario Gomez skoraði eftir mistök Júlio César í marki Inter en Júlio César átti eftir að bæta fyrir þau mistök með frábærri markvörslu.

Inter-menn gáfustu ekki upp og á meðan Bayern nýtti ekki færin sín þá var enn möguleiki. Hollendingurinn Wesley Sneijder náði að jafna leikinn með þrumuskoti á 63. mínútu eftir að hafa fengið sendingu frá Samuel Eto'o. Það var síðan Goran Pandev sem kom Inter í 3-2 á 88. mínútu með flottu skoti eftir frábæran undirbúning frá Samuel Eto'o sem átti þátt í öllum þremur mörkum Inter.

Það virtist fátt benda til þess að Inter væri að fara áfram eftir að liðið slapp inn í hálfleik, 1-2 undir, en í seinni hálfleiknum tókst liðinu að vinna sig inn í leikinn og skora mörkin tvö sem dugðu til að tryggja liðinu sætið í átta liða úrslitunum.

ooj@frettabladid.is



**TVENNA FRÁ CHICHARITO** Javier Hernández fagnar hér öðru marka sinna á Old Trafford í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guðjón Baldvinsson laus frá GAIS og búinn að semja til þriggja ára við KR:

# Ætlar að vinna dollur með KR

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson er búinn að fá sig lausan frá sænska liðinu GAIS og skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR.

„Þetta er svakalegur léttir enda búið að vera óvissuástand í langan tíma. Það er mjög góð tilfinning að þetta sé búið. Ég var ekki spenntur fyrir því að fara aftur á láni. Ég er með fjölskyldu og vil fá smá festu í þetta núna," sagði Guðjón sem skoraði 10 mörk í 13 leikjum með KR í fyrra.

„Ég er farinn að einbeita mér að öðru núna en að komast út í atvinnumennsku og er ekkert að fara á taugum þótt ekkert gerist. Ég ætla að bara að einbeita mér að því að standa mig hjá KR og reyna að vinna einhverjar dollur. Ég er með fjölskyldu og okkur líður vel í KR," segir Guðjón. „Ég sagði einhvern tímann þegar ég kom fyrst út í KR að mig langaði að vinna Íslandsmeistaratitilinn með þeim og það er markmið sem ég á eftir að ná. Ég stefni á það að klára það núna," sagði Guðjón að lokum. - óój



**GUÐJÓN BALDVINSSON** Í leik með KR í bikarúrslitunum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Landsliðshópur Ólafs Jóhannessonar á móti Kýpur:

# Enginn Eiður Smári og enginn Veigar Páll

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, þjálfari karlalandsliðsins, tilkynnti í gær hópinn sinn fyrir leik á móti Kýpur í undankeppni EM sem fer fram á Kýpur 26. mars næstkomandi.

Ísland hefur tapað fyrstu þremur leikjum sínum í undankeppninni og er á botninum í riðlinum, einu stigi á eftir Kýpur.

Ólafur velur hvorki Eið Smára Guðjohnsen né Veigar Pál Gunnarsson í liðið en þetta er annar landsleikurinn í röð þar sem þeir eru ekki valdir. Ólafur hefur líka endurnýjað markvarðahópinn en Árni Gautur Arason er ekki valinn að þessu sinni. Í stað hans eru Stefán Logi Magnússon og Ingvar Þór Kale báðir í hópnum. Tíu af 22 leikmönnum eru gjaldgengir í 21 árs liðið sem er að spila vináttulandsleiki á sama tíma.

Einhverjir þeirra gætu verið með á móti Englendingum en sá leikur fer fram tveimur dögum eftir leikinn á Kýpur. Allan hópinn má finna á Vísir.is. - óój





skemmtilegri
LEITIN AÐ SANNLEIKANUM
GETUR KOSTAÐ ÞIG LÍFIÐ
Grunur um tengsl við alþjóðleg glæpasamtök
Með 820 grömm
Grunuð um stórfelld fjársvik
Kallað eftir skýrari reglum um skattlagningu dagpeninga
Hells Angels á Íslandi?
Vilja forvirkar rannsóknarheimildir
PRESSA
Blaðamaðurinn Lára stofnar lífi sínu og sinna nánustu í bráða hættu við leitina að stóra skúbbinu.
Við sögu koma fjallmyndarlegur forstjóri með vafasaman bakgrunn og hættuleg erlend glæpasamtök.
Leikstjóri er Óskar Jónasson og höfundar Sigurjón Kjartansson og J. Ævar Grímsson, sem staðið hafa bak við vinsælar þáttaraðir á borð við Rétt, Ástríði og Vaktar-seríurnar.
HEFST Á SUNNUDAG KL. 20:20 Á STÖÐ 2
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Nicole Kidman**

„Ég elska að leika, en mér finnst miklu skemmtilegra að fara með börnin í dýragarðinn.“

***Nicole Kidman leikur konu sem fer með syni sínum að heimsækja systur sín. Sú er á leiðinni upp að altarinu með manni sem þeim mæðginunum þykir lítið til koma í kvikmyndinni Margot at the Wedding sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFIR Á NBA-SJÓNVARPSSTÖÐINA

# *Frábært sjónvarpsefni án handrits*

Ég er með aðgang að hátt í hundrað sjónvarpsstöðvum heima hjá mér, en á oft í miklum erfiðleikum með að finna eitthvað til að horfa á. Gott ef þetta er ekki skilgreiningin á lúxusvandamáli. Ég er samt ekki að kvarta. Ég veit hvað það er erfitt að gera mér til geðs og ætlast því ekki til þess að finna eitthvað skemmtilegt til að horfa á í hvert einasta skipti sem ég kveiki á sjónvarpinu.

Stundum get ég reyndar ekki skipt um stöðvar fyrr en ég er búinn að lemja fjarstýringunni fyrir afruglarann duglega í stofuborðið. En það er allt annað mál. Kannast einhver við þetta vandamál?

Þegar ég er búinn að rúlla í gegnum hring á afruglaranum; þjóta fram hjá



Omega, sniðganga náttúrulífsstöðvarnar og hundsa umheiminn á fréttastöðvunum, stoppa ég nær undantekningarlaust á NBA-sjónvarpsstöðinni. Ef ég er heppinn er verið að sýna leik í beinni útsendingu þar sem ofvaxnir, en fáránlega fótafimir, blökkumenn sýna listir sínar. Ef ég er enn þá heppnari lendi ég á klassískum viðureignum, eins og Boston á móti Los Angeles þegar Larry Bird og Magic Johnson voru upp á sitt besta.

Augljóst er að lyfjafræðin var skammt á veg komin þá miðað við daginn í dag þar sem körfuboltamenn fortíðarinnar eru eins og smástúlkur við hlið vaxtarræktarkappanna sem spila í dag. Það breytir því samt ekki að leikurinn var alveg jafn skemmtilegur þá og hann er í dag. Frábært sjónvarpsefni, án handrits.

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Skipulagsvaktin**
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (25:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (25:42)
**18.30 Gló magnaða** (25:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (45:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Hvert stefnir Ísland?** Þáttaröð um þjóðfélagsmál í umsjón Þórhalls Gunnarssonar. Í þessum þætti er fjallað um Ísland og alþjóðasamfélagið. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.40 Landinn** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Valley of Light**
**10.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**12.00 The Naked Gun**
**14.00 The Valley of Light**
**16.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**18.00 The Naked Gun**
**20.00 Margot at the Wedding**
**22.00 Forgetting Sarah Marshall**
**00.00 Remnants of Everest: The 1996 Tragedy**
**02.00 Miller's Crossing**
**04.00 Forgetting Sarah Marshall**
**06.00 The Fast and the Furious**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (7:22)
**11.00 Cold Case** (9:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (20:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:12)
**13.25 Gossip Girl** (7:22)
**14.10 E.R.** (20:22)
**15.00 iCarly** (4:45)
**15.28 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (23:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (23:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (16:23)
**20.10 Hamingjan sanna** (1:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**20.50 Pretty Little Liars** (17:22) Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**21.35 Hawthorne** (9:10)
**22.20 Ghost Whisperer** (1:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**23.05 Sex and the City** (5:8)
**23.35 NCIS** (5:24)
**00.20 Fringe** (5:22)
**01.05 Life on Mars** (13:17)
**01.50 Volver**
**03.45 Hawthorne** (9:10)
**04.30 Pretty Little Liars** (17:22)
**05.15 Hamingjan sanna** (1:8)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**18.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Lyon** Bein útsending frá leik Real Madrid og Lyon í Meistaradeild Evrópu. Þetta er seinni leikur liðanna í 16 liða úrslitum en þau skildu jöfn, 1-1, í fyrri leiknum. Á sama tíma fer fram leikur Chelsea og FC København en hann er sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.05 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - FC København**
**23.55 Þýski handboltinn: Göppingen - Kiel**
**01.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**20.00 Fulham - Man. City** Útsending fra leik Fulham og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.45 Garrincha** Þættir um bestu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni er komið að Garrincha.
**22.15 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.45 Aston Villa - Arsenal** Útsending frá leik Aston Villa og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit/ útlit** (2:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (5:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (18:22)
**19.45 Will & Grace** (7:24)
**20.10 Spjallið með Sölva** (5:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru, allt í opinni dagskrá.
**20.50 Blue Bloods** (7:22)
**21.40 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** (5:6) Wilts leggur aukna pressu á Todd um að greiða sér aurinn fyrir orkudrykkjasöluna. Þeir félagar reyna svo að nýta sér beina útsendingu frá skrúðgöngu til minningar um fallna hermenn til að kynna orkudrykkinn
**22.05 Rabbit Fall** (5:6)
**22.35 Jay Leno**
**23.20 Hawaii Five-0** (2:24) (e)
**00.05 CSI: Miami** (23:24) (e)
**00.55 Will & Grace** (7:24) (e)
**01.15 Blue Bloods** (7:22) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Champ: 2011** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Champ: 2011** (2:4)
**16.50 Ryder Cup Official Film 2004**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (10:42)
**19.20 LPGA Highlights** (1:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (4:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (11:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (10:45)
**23.45 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Pressa** (4:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Handritið skrifuðu þeir tvímenningar ásamt nokkrum af vinsælustu glæpasagnahöfundum landsins, Árna Þórarinssyni, Páli Kristni Pálssyni, Yrsu Sigurðardóttur og Ævari Erni Jósepssyni. Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf, sem brátt breytist í morðrannsókn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Modern Family** (16:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**21.50 Ísland í dag**
**22.15 Chuck** (18:19) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**23.00 Burn Notice** (13:16)
**23.45 Daily Show. Global Edition**
**00.10 Pressa** (4:6)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Anna Hildur Hildibrandsdóttir um skapandi greinar.
**20.30 Já** Þáttur í umsjón stuðningsmanna Icesave-samningsins.
**21.00 Nei** Hallur Hallsson stýrir þætti andstæðinga Icesave-samningsins.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


# Kosningar 2011

Kosningar hefjast í dag!

**Nú göngum við til kosninga. Láttu þig málið varða, VR er félag okkar allra.**

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR til formanns og stjórnar er hafin og stendur til hádegis 30. mars nk. Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif. Öll atkvæði hafa sama vægi. Þú finnur allar nánari upplýsingar á **www.vr.is**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Hamingjan sanna



Ný íslensk þáttaröð í umsjón Ásdísar Olsen þar sem fylgst verður með átta Íslendingum vinna markvisst að því að auka hamingju sína. Þátttakendurnir fá ný og ögrandi verkefni í hverri viku og fara reglulega í hamingjumælingu í Háskólanum í Reykjavík.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Gullfiskurinn **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Carson McCullers og Kaffihús tregans **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **20.00** Live at the Apollo **20.45** Whitechapel **21.35** Last of the Summer Wine **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.00** Vagn hos kiwierne **12.30** Søren Ryge **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Jeg er et dyr! **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Zen **22.30** Onsdags Lotto **22.35** DR1 Dokumentaren

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Stunden kommer kanskje aldri tilbake **14.35** V-cup langrenn **16.15** NRK nyheter **16.25** Skatten under isbreen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.35** Åse tonight **21.05** Migrapolis **21.35** Finnmarksløpet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.20** Alpint: Världscupen **11.45** Rapport **11.50** Huset vid Tara Road **13.30** Plus **14.30** Rapport **14.35** Skidor: Världscupen **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Borgen **21.00** The Event **21.40** The Event **22.20** Simma lugnt, Larry! **23.50** Rapport **23.55** Notes From the Underbelly **00.20** Dox **01.20** Rapport







## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér bara espresso mokkakaffi til að koma mér í gírinn fyrir daginn. Ég held að staðgóður morgunmatur sé stórlega ofmetinn.“*

Halldór Bragason, blúsari.

# Sigrún Lilja orðin metsöluhöfundur

„Ég varð orðlaus og er varla búin að ná þessu,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og framkvæmdastjóri Gyðja Collection.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var Sigrún í hópi frumkvöðla sem skrifuðu bókina The Next Big Thing. Bókin kom út í Bandaríkjunum í síðustu viku og skaust strax ofarlega á metsölulista hjá bóksölurisanum Amazon.com, en árangurinn kom henni í hóp metsöluhöfunda í Bandaríkjunum.

„Ég var látin vita af þessu á föstudaginn. Bókaútgáfan hafði samband og tilkynnti mér að bókin væri orðin metsölubók eftir rúman sólarhring í sölu og ég búin að fá titilinn *best-selling author* í Bandaríkjunum,“ segir Sigrún. „Mér var líka sagt að það væri plagg á leiðinni til mín frá samtökum metsöluhöfunda í Bandaríkjunum. Ég fékk einnig boð í athöfn í Los Angeles í október þar sem metsöluhöfundar verða heiðraðir.“

Sigrún Lilja hefur byggt upp fylgihlutalínu sína Gyðja Collection síðustu ár og fyrir skömmu hóf hún framleiðslu á ilminum EFJ Eyjafjallajökull sem hefur vakið talsverða athygli í erlendum fjölmiðlum. Henni var boðið að skrifa í bókina í vor þegar hún var í sambandi við fyrirtæki sem er undir sama hatti og bókaútgáfan. „Þeim fannst ég hafa farið öðruvísi leiðir í uppbyggingunni á merkinu mínu og spurðu hvort ég gæti hugsað mér að skrifa um hvaða aðferðir ég hefði notað,“ segir Sigrún að lokum. **- afb**



**METSÖLUHÖFUNDUR** Bók sem Sigrún Lilja tók þátt í að skrifa fór vel af stað þegar hún kom út í síðustu viku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Matreiðslumeistarinn **Hrefna Rósa Sætran**, eigandi Fiskmarkaðarins, flyst búferlum á næstunni. Hrefna og kærasti hennar, ljósmyndarinn Björn Árnason, hafa verið búsett við Ægisgötu niðri við höfn í íbúð sem þekkt er orðin úr fjölmiðlum en hafa ákveðið að stækka við sig. Hrefna og Björn fara þó ekki mjög langt því þau hafa fest kaup á nýrri íbúð í Litla-Skerjafirði.

Leikhús listamanna hefur slegið í gegn með sýningum á tveggja vikna fresti á þriðjudagskvöldum í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar hafa **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** og fleiri listamenn framið gjörninga og skemmt gestum sem flykkst hafa að. Fjöldi gesta hefur komið fram á þessum skemmtunum, til að mynda útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann, sem las úr Opinberunarbókinni í gjörningi Ragnars Kjartanssonar á dögunum. Nú berast af því fregnir að hópnum hafi verið boðið til Kaupmannahafnar með Leikhús listamanna. Ekkert mun enn vera frágengið en stefnt er að því að hópurinn komi fram nokkrum sinnum á sýningu Kristjáns Ingimarssonar, Fools of the World Unite, í aprílmánuði. **- hdm**





**DAUÐI OG DJÖFULL** Haraldur, Gyða, Edda og Hafþór eru dauðarokkhljómsveitin Angist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GYÐA HRUND:** FYRSTU LÖGIN SAMIN Í SAUMAHERBERGI MÖMMU

# Dauðarokkhljómsveit með jöfnum kynjahlutföllum

„Okkur langaði að gera eitthvað öðruvísi en allir eru að gera á Íslandi,“ segir Gyða Hrund Þorvaldsdóttir, gítarleikari dauðarokkhljómsveitarinnar Angistar.

Angist lenti í öðru sæti í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle á dögunum. Tvær stúlkur eru í hljómsveitinni, en karlmenn hafa hingað til einokað þessa tónlistarstefnu.

„Við Edda [söngkona og gítarleikari Angistar] þekktumst og vorum búnar að tala lengi um að það væri gaman að stofna dauðarokkhljómsveit með stelpum,“ segir Gyða spurð um upphaf hljómsveitarinnar. „Við byrjuðum að spila og athuga hvernig samstarfið gengi og það gekk mjög vel. Fyrsta æfingin var í saumaherberginu hjá mömmu.“

Hvað fannst mömmu þinni um að heyra dauðarokk óma í saumaherberginu?

„Henni fannst það sniðugt. Lögin Our Ruin og Rotten Mind eru samin í saumaherbergi mömmu.“

Angist er eflaust ein af fáum dauðarokkhljómsveitum heims með jöfnum kynjahlutföllum og meðlimirnir koma einnig víða að; frá Vestmannaeyjum, Selfossi og úr Hafnarfirði. Gyða viðurkennir að hljómsveitin hafi vakið sérstaka athygli vegna kyns hennar og Eddu söngkonu. „Auðvitað vekur það athygli,“ segir hún. „En við viljum láta taka okkur alvarlega sem tónlistarmenn. Það ætti ekki að skipta máli hvort við erum stelpur eða strákar, en auðvitað vitum við að þetta vekur athygli. Svo trúum við að tónlistin standi fyrir sínu. Fleiri tala um að tónlistin sé góð en að við séum stelpur.“

Gyða segir viðbrögðin við hljómsveitinni hafa verið frábær. „Við vorum mjög hrædd við að setja þessi lög á netið og bjuggumst við að fólk myndi velta fyrir sér hvað þessar stelpur væru að reyna,“ segir hún. „Auðvitað er ekki algengt að tvær stelpur séu að spila svona tónlist. Við viljum ekki að tónlistin sé bara góð miðað við að stelpur séu að spila. Við vinnum mikið í tónlistinni þangað til við erum 100 prósent sátt við lögin.“

Angist vinnur nú að stuttskífu og kemur fram ásamt þýsku hljómsveitinni Heaven Shall Burn á Café Amsterdam á laugardaginn.

**atlifannar@frettabladid.is**


FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Tilkynning um afturköllun starfsleyfa fjármálafyrirtækja

**Byr sparisjóður**
Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 23. febrúar 2011, starfsleyfi Byrs sparisjóðs, kt. 610269-2229, sem sparisjóðs, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

**Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.**
Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 23. febrúar 2011, starfsleyfi Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829, sem lánafyrirtækis, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.**
Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 23. febrúar 2011, starfsleyfi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770, sem sparisjóðs, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Vilja auka framlög til kvikmynda

Menntamálaráðuneytið er að ljúka við drög að nýjum samningi í samstarfi við kvikmyndaráð. Hann felur í sér aukin fjárframlög til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands næstu fimm árin. Vinna við samninginn á að klárast síðar í þessum mánuði og tekur hann gildi á næsta ári ef hann verður samþykktur á Alþingi. Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, staðfesti þetta en kvað ekki tímabært að ráðherra tjáði sig um málið.

„Það er algjört lykilatriði að hafa vitneskju um og yfirsýn yfir hvað verður til ráðstöfunar á næstu árum því öll framleiðsla tekur svo langan tíma,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, sem er orðin þreytt á þeirri óvissu sem hefur verið í íslenskri kvikmyndagerð að undanförnu. „Við vonumst til að hægt verði að plana meira fram í tímann ef þessi samningur dettur inn.“



**VILL BETRI YFIRSÝN** Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, vill betri yfirsýn yfir hvað verður til ráðstöfunar á næstu árum.

Framlag ríkisins til Kvikmyndamiðstöðvarinnar, sem hefur umsjón með Kvikmyndasjóði, er það sama í ár og í fyrra, 450 milljónir króna. Þrjátíu prósenta niðurskurður féll í grýttan jarðveg hjá kvikmyndagerðarmönnum á sínum tíma en með nýja samningnum gæti hagur þeirra vænkast eitthvað á næstu árum.

Miðað við úthlutun Kvikmyndasjóðs fær engin mynd framleiðslustyrk á þessu ári en slíkan styrk geta þær myndir fengið sem eru tilbúnar í tökur. Þetta er mikil breyting frá því á sama tíma í fyrra þegar sex myndir fengu slíkan styrk. Einhverjar af þeim myndum verða frumsýndar í ár, þar á meðal Eldfjall og Djúpið. **- fb**

N1 KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ SENU



# EAGLES

NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 9. JÚNÍ

N1 FORSALA HEFST Í
**DAG KL. 10 Á N1.IS**

ALMENN MIÐASALA HEFST **Á MORGUN KL. 11 Á MIÐI.IS**




Forsalan er eingöngu fyrir N1
Korthafa. Misstu ekki af þessu!
Sækt um kort núna á n1.is

MIÐASALA Á MIÐI.IS

N1

sena

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tekur fram úr Roklandi

Yfir níu þúsund manns höfðu í byrjun vikunnar séð gamanmyndina Okkar eigin Osló í leikstjórn Reynis Lyngdal. Íslendingar virðast kunna vel að meta skondin samskipti þeirra **Þorsteins Guðmundssonar** og Brynhildar Guðjónsdóttur í aðalhlutverkunum enda hafa þeir flykkst á myndina síðan hún var frumsýnd 4. mars. Ein önnur íslensk mynd er á lista yfir 25 aðsóknarmestu myndirnar á Íslandi, eða Rokland, með um 7.500 áhorfendur. Þrátt fyrir að Rokland hafi verið mun lengur í sýningum en Okkar eigin Osló, síðan 14. janúar, hefur sú síðarnefnda tekið fram úr Roklandi í aðsókn á tiltölulega skömmum tíma.



### 12 spora samkeppnisráðgjöf

Viðbrögð Ragnars Önundarsonar í kjölfar úrskurðar Samkeppniseftirlitsins á framferði hans og annarra forsvarsmanna stóru kortafyrirtækjanna vöktu mikla athygli þar sem hann þvertók fyrir að bera ábyrgð á málum. Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens leggur, í bloggpistli í gær, út af orðum Ragnars og ráðleggur honum að taka ábyrgð á gjörðum sínum. **Bubbi** segir að Ragnar hafi brotið lög og þurfi að vinna á afneitun sinni. 12 spora kerfið hafi hjálpað mörgum og ætti að geta „undið ofan af“ afneitun Ragnars.



- fb, þj

### Mest lesið VÍSIR

1. Fjögurra mánaða stúlka komin til fjölskyldu sinnar á ný
2. Hagfræðingur segir gjaldþrot blasa við ef Icesave verður samþykkt
3. Stal leigu fyrir fjögur sumarhús á Spáni
4. Rukka í göng uns kostnaði er öllum náð




